



UMFÍ

SKINFAXI

TÍMARIT UNGMENNAEÍLAGS ÍSLANDS
2.TBL. 111.ÁRG. 2020

**Björn Berg:
Söfnun styrkja
er að breytast**

**Minnisblað UMFÍ:
Þetta þarf að gera**

**Fimleikastrákar
slá í gegn**


www.umfi.is



pei

LOTTÓ APPIÐ!

HAFÐU HEPPNINA
MEÐ ÞÉR Í SÍMANUM!



Náðu þér í happaapp þjóðarinnar!

Lottó appið er þegar búið að skila mörgum og stórum vinningum til þjóðarinnar. Appið er auðvelt og þægilegt í notkun og þar er miðinn þinn öruggur hvernig sem viðrar. Náðu þér í happaappið sem allir eru að tala um! **Nánar á lotto.is**



APPIÐ OKKAR

UPPLIFÐU NÝ ÆVINTÝRI Á REYKJANESI



reykjanessgeopark.is — visitreykjanes.is



United Nations
Educational, Scientific and
Cultural Organization



Reykjanes
UNESCO
Global Geopark

Nú er u.þ.b. ár liðið frá því að ég tók sæti í varastjórn UMFÍ. Þetta hafa verið mjög lærdómsríkir mánuðir, gefandi en einnig skrytnir. Riflegur hluti stjórnarfundna hefur verið haldinn með hjálp fjarfundabúnaðar sökum heimsfaraldurs. Stórmót, sem ég var búin að áætla í dagbókina, voru felld niður. Fjölmargir viðburðir hafa ýmist verið færðir til, þeim frestað til betri tíma, eða þá strikaðir út af dagatalinu. Íþróttahreyfingin öll glímir við erfiða tíma.

Þrátt fyrir að þurft hafi að fást við eitt og annað hef ég gert ýmislegt nýtt og lærdómsríkt og mér hefur tekist að afreka ýmislegt í stjórn og nefndum UMFÍ. Svo að ég taki dæmi, þá stórnaði ég vinnuhópi sem fjallaði um aðkomu UMFÍ að rafíþróttum. Þetta er mál sem ég hafði lítið sem ekkert vit á þegar vinnan hófst en er nú orðin töluvert fróðari um. Einnig sat ég í úthlutunarnefnd Umhverfissjóðs UMFÍ, sem var mjög fróðleg reynsla. Ég hef því strax fengið að prófa ýmislegt nýtt, bara með því að sitja í stjórn UMFÍ – sem að sjálf sögðu er mesta nýjungin.

Ég kom snemma inn í ungmennafélags-hreyfinguna sem iðkandi. Ég byrjaði íþróttuferil minn í ungmennafélaginu Skallagrími í Borgarnesi þar sem ég prófaði allar íþróttir sem í boði voru. Frjásar, sund og körfubolti áttu svo vinninginn umfram aðrar íþróttir fram á unglingsár. Ég mætti galvösk til keppni á bæði Landsmót og Unglingalandsmót UMFÍ og fannst þetta langskemmtilegustu mótin. Þetta var ekki bara sundliðið eða bara frjálsíþróttadeildin að fara saman á mót heldur allt ungmennasambandið og sama í hverju var verið að keppa, allir stóðu saman og hvöttu sitt lið. Ég hef ekki mætt á Landsmót síðan 2004. Lífið tók við og áhugi á keppni færðist frá kringlukasti til golfkylfa.



Þegar fyrst var komið að máli við mig um að bjóða mig fram í stjórn UMFÍ efaðist ég strax. Púkinn á vinstri öxlinni dró mig niður. Hann sagði þetta vera of mikla vinnu, of miklar kvaðir, ég væri ekki með þekkingu á ungmennafélagsmálum lengur og ýmislegt fleira í sama dúr. Eftir því sem ég hugsaði þetta lengur fannst mér þetta ekki sanngjart hjá púkanum. Ungmennafélagshreyfingin hafði gefið mér svo margt. Nú væri tækifæri til að gefa til baka. Það sem hins vegar hefur komið á óvart er að á þessu eina ári sem liðið er hef ég líklega lært meira af þessari stjórnarsetu og lagt meira inn í reynslubankann en mig hefði grunað. Því vil ég nýta tækifærið og þakka fyrir traustið. Áfram gakk ungmennafélagsveginn.

Hallbera Eiríksdóttir, situr í vara-stjórn UMFÍ

Efnisyfirlit

- 6** Hugmyndir úr grasrótinni fá vængi
- 8** Fimleikastrákar slógu í gegn
- 12** Ungmennaráð gefur ungu fólki tækifæri
- 14** Ungt fólk og lýðræði
- 18** Sögulegur sambandsráðsfundur
- 22** Minnisblað UMFÍ: Þetta þarf að gera
- 23** Ingvar hjá ÍBR: Við höfum áhyggjur af brottfalli úr íþróttum
- 24** Áhrif COVID-19 á íþróttastarfið
- 25** Stuðningur við íþróttastarf
- 26** Persónuleg tengsl skila flestum styrkjum
- 30** Styrkur á Eskifirði til fyrirmyndar
- 32** Styrkirnir gufuðu upp á Hornafirði
- 34** UMFÍ í tölum
- 38** Ánægjuvogin 2020
- 41** Ungmennafélag Langnesinga blæs til sóknar



10 Mæður á Blönduósi stofnuðu körfuboltadeild fyrir börnin.



12 Ungt fólk fær tækifæri hjá UMFÍ. Myndasýrpa.



20 Frábær hvatning á Egilsstöðum.



26 Björn Berg: Styrkjasöfnun þarf að þróast.



Örugg leið
til að borga á netinu

www.pei.is

Hugmyndir úr grasrótinni fá vængi

Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir hefur áhyggjur af hreyfingarleysi barna og ungmenna. Hún hafði samband við ÍBR og fleiri til að yta átaksverkefninu #HVETJA í gang.

„Ég held að Íþróttafélög séu almennt mjög opin fyrir öllum hugmyndum. Þar eru sérfræðingar í hvatningarstarfsemi og þar kann fólk að ná til annarra. Ég held að flestar hugmyndir fái aðgangi hjá þeim,“ segir Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir, formaður Hjólreiðafélags Reykjavíkur.

Hún var að sýsla í garðinum sínum dag einn um miðjan október þegar hún fékk skyndilega innblástur.

„Ég fékk hugmyndina þegar ég var að vinna úti í garði með manninum mínum í síðustu viku. Þetta er algjörlega rétti tíminn, áskorun sem krefst þess að við hvetjum aðra áfram, bæði börnin okkar og þá sem búa ekki við öflugt tengslanet. Ég leitaði til ÍBR og þar var vel tekið í hugmyndina um að styðja við samfélagslegt átaksverkefni,“ segir Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir, formaður Hjólreiðafélags Reykjavíkur.

Kolbrún er forspraki samfélagslega átaksverkefnisins #HVETJA. Átakið gengur út á að auka jákvæðni í samfélaginu og hvetja fólk til að passa upp á líkamlegt og andlegt heilbrigði sitt.

Hugmyndin er að hver og einn fari út í stutta stund í senn til að koma blóðinu á hreyfingu, njóta dagsbirtunnar og bæta andlega líðan sína í leiðinni. Síðan er pælingin að fólk hvetji aðra til að hreyfa sig líka og það hvatt til að klukka aðra.

Kolbrún segir líkur á að landsmenn þurfi að lifa með veirunni næstu vikur og mánuði. Því skipti máli að snúa bökkum saman, auka jákvæðni í samfélaginu, sýna náungakærleika og að fólk passi hvert upp á annað.

„Með því að hvetja aðra til þess að hreyfa sig sendum við fullt af jákvæðri hvatningu til annarra og stuðlum ekki aðeins að betri líkamlegri og andlegri líðan okkar sjálfrá heldur annarra um leið,“ segir hún.

Hjólreiðafélagið á aðild að Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR), sem er sambandsaðili UMFÍ og Kolbrúna fannst eðlilegasta skrefið í þróun hugmyndaþinginnar að leita þangað til að breikka pælinguna.



Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir, formaður Hjólreiðafélags Reykjavíkur.

„ÍBR hefur reynt okkur í Hjólreiðafélaginu afar vel. Þar er líka mikið af börnum og öðrum iðkendum sem hafa ekki verið á ævingum síðustu vikurnar,“ segir Kolbrún.

Átakinu #HVETJA var ýtt úr vör 28. október 2020 og stendur það til 15. nóvember. Kolbrún vonast til að það lifi sjálfstæðu lífi áfram.

„Við erum alltaf tilbúin til að skoða allar góðar hugmyndir sem berast okkur. Þessi hugmynd smellpassaði inn í samfélagslega nálgun ÍBR. Hugmyndin var vel uppsett og verkefnið úthugað, með skýran skilgreindan tilgang og markmið sem gagnast öllum,“ segir Silja Úlfarsdóttir, upplýsingafulltrúi Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR).

Ásamt ÍBR er Rauði krossinn samstarfsaðili verkefnisins. Bakhjarlar þess eru Íslensk erfðagreining, VÍS, 66°Norður og Arion banki.

Facebook-síða verkefnisins er:

<https://www.facebook.com/hvetja2020/>

Skinfaxi 2. tbl. 2020

Skinfaxi, tímarit Ungmennafélags Íslands (UMFÍ), hefur komið út samfleytt síðan árið 1909. Tímaritið dregur nafn sitt af hestinum fljúgandi sem dró vagn goðsagnaverunnar Dags er ók um himin hvolfið í norrænum sagnaheimi.

RITSTJÓRI

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson.

ÁBYRGÐARMADUR

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ.

RITNEFND

Gunnar Gunnarsson, formaður, Annas Jón Sigmundsson, Eiður Andri Guðlaugsson, Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir, Sigurður Óskar Jónsson og Soffía Meldal.

PRENTUN

Prentmet Oddi.

LJÓSMYNDIR

Ívar Sæland, Haraldur Jónasson, Gunnar Gunnarsson, Hafsteinn Snær Þorsteinsson, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Ólafur Þór Jónsson, Óscar Rybinski, Ágúst Atlason o.fl.

UMBROT OG HÖNNUN

Indígó.

PRÓFARKALESTUR

Helgi Magnússon.

AUGLÝSINGAR

Styrksöfnun.

FORSÍÐUMYND

Hópur karlalandsliðs Íslands í hópímleikum og föruneysi sem fór hringinn í kringum landið í sumar og hélt sýningar í íþróttahúsum. Markmið ferðarinnar var að búa til fyrirmyndir og fjölga ungum drengjum í hópi iðkenda í fimleikum.

STJÓRN UMFÍ

Haukur Valtýsson, formaður, Ragnheiður Högnadóttir, varaformaður, Sigurður Óskar Jónsson, ritari, Guðmundur Sigurbjörgsson, gjaldkeri, Gunnar Gunnarsson, meðstjórnandi, Jóhann Steinar Ingimundarson, meðstjórnandi, og Gunnar Þór Gestsson, meðstjórnandi.

VARASTJÓRN UMFÍ

Hallbera Eiríksdóttir, Lárus B. Lárusson, Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir og Gissur Jónsson.

SKRIFSTOFA UMFÍ/SKINFAXA

Þjónustumiðstöð UMFÍ, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, sími: 568 2929. umfi@umfi.is www.umfi.is

STARFSFÓLK UMFÍ

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi og ritstjóri Skinfaxa, Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi og framkvæmdastjóri Landsmóta (með aðsetur á Sauðárkróki), Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi og verkefnastjóri, og Guðbirna Kristín Þórðardóttir, ritari.

UMFÍ

Ungmennafélag Íslands er landsamband ungmennafélaga á Íslandi. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 27 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 6 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ með rúmlega 270 þúsund félagsmenn.



Það er alltaf opið
á lindex.is

Sendum frítt allar pantanir yfir 10 þús kr.

LINDEX

Fimleikastrákar slógu í gegn um allt land í sumar

Karlalandsliðið í hópfimleikum ferðaðist um landið í sumar. Hópurinn kom víða við og sýndi listir sínar. Markmiðið var að fjölga strákum í fimleikum.



H eilmikla lukku vakti þegar karlalandsliðið í hópfimleikum fór í tíu daga ferð á húsbílum um landið um mitt sumar og setti upp glæsilegar fimleikasýningar á átta stöðum. Markmið ferðarinnar var að kynna íþróttina, sérstaklega fyrir drengjum, hvetja þá til að prófa fimleika og hafa smíðjur í tengslum við sýningararnar.

Ferðin hófst á Akranesi. Þaðan var farið til Stykkishólms, Hvammstanga, þá norður og síðan austur um landið.

Í aðdraganda ferðarinnar sagði Guðmundur Kári Þorgrímsson, einn fimleikadreggjanna, í samtali við RÚV tilganginn með ferðinni að sýna stráka í fimleikum á Íslandi og efla drengi á landsbyggðinni til að koma og vera með.

Gegguð fimleikasýning landsliðsstrákanna á Akranesi

„Við höfum verið að vinna í því að fjölga strákum í fimleikum á Akranesi. En svo small þetta allt saman hjá okkur. Fimleikastrákarnir byrjuðu hringferðina sína um landið hjá okkur, við opnuðum nýtt fimleikahús strax eftir sumarið og réðum nýjan þjálfara,“ segir Þórdís Þöll Práinsdóttir, yfirfimleikabjálfi ÍA á Akranesi.

Þórdís segir karlalandsliðið í fimleikum hafa slegið í gegn á Akranesi. Þeir hafi kveikt vel í Skagamönnum í aðdraganda sýningarinnar.

„Íþróttahúsið var troðfullt, ég held að um 600 manns hafi séð sýninguna. Í kjölfarið vildu allir strákar fara í fimleika,“ segir hún. Hjá fimleikafélaginu æfðu í vor átta strákar fimleika í einum hópi. Eftir sýninguna og eftir að nýtt fimleikahús var tekið í notkun fór félagið að blómstra. Nú æfa um 70 strákar í þremur hópum fimleika hjá Fimleikafélagi ÍA. Um 550 iðkendur eru skráðir alls hjá félaginu.

Þórdís segir stráka á Akranesi hafa greinilega vantað meiri hvata til að koma í fimleika. Nú æfi fleiri greinina, nýtt fimleikahús hafi verið tekið í notkun og búið sé að ráða Henrik Pilgaard, landsliðsþjálfara og fyrrverandi þjálfara Stjórnunnar, sem þjálfara í fimleikum á Skaganum, ásamt með Herði Bent. Þetta samanlagt hafi skilað sér í fjölgun iðkenda.

„Þegar ungu strákarnir sáu landsliðsstrákana langaði alla að prófa fimleika. Við buðum þess vegna upp á fría fimleika út september og kveiktum áhuga þeirra,“ segir Þórdís.



Þórdís Þöll Práinsdóttir.

Fimleikastrákarnir fylltu íþróttahúsið á Hvammstanga

„Mætingin á fimleikasýninguna fór langt fram úr væntingum mínum. Þetta var virkilega skemmtilegt. Ég hef aldrei séð eins marga í íþróttahúsinu og þegar fimleikastrákarnir komu með sýninguna hingað. Ekki einu sinni þegar lið Kormáks og KR og fleiri lið hafa keppt hér í bikarleik í körfunni. Þetta voru á milli 100-200 manns og það voru ekki sæti fyrir alla,“ segir Þórey Edda Elísdóttir sem þjálfar í fimleikum hjá Ungmennafélaginu Kormáki á Hvammstanga.

Fimleikaæfingar eru einu sinni í viku á Hvammstanga og er Þórey Edda eini þjálfarinn þar. Iðkendur eru langmest stelpur í grunnskólanum. Hún segir stemninguna hafa verið virkilega góða í kringum sýningu fimleikastrákanna og það hafi komið sér á óvart hversu margir sóttu fimleikasýninguna.

„Ég var mjög ánægð með að sjá svona góða mætingu. Það eru ekki oft viðburðir í íþróttahúsinu sem trekkja svona marga að. En strákarnir voru líka svo frábærir og æðislegar fyrirmyndir. Hjá okkur er töluverður fjöldi iðkenda núna eða rúmlega 50 úr 1.–10. bekk grunnskólans en heildarfjöldi grunnskólabarna á svæðinu er 162. Í ofanálag hefur orðið töluverð fjölgun hjá drengjum. Ég gæti alveg trúað því að sýningin hafi hjálpað til við að auka áhuga barna á fimleikum,“ segir Þórey Edda.



Þórey Edda Elísdóttir.

UMFÍ



UNGLINGALANDSMÓT

Selfossi 29. júlí - 1. ágúst 2021

Ítarlegri upplýsingar og skráning á ulm.is



Mæður stofnuðu körfuboltadeild fyrir börnin

Lee Ann Maginnis mælir með því að stofna frekar nýja deild innan ungmennafélags en að stofna nýtt félag sem stendur utan við skipulagt starf.

„Við vorum búin að ræða málið í nokkra mánuði en urðum að lokum að taka af skarið. Við stofnuðum deild frekar en félag. Það er praktískara því að þá gengum við inn í samninga Ungmennafélagsins,“ segir Lee Ann Maginnis, formaður nýstofnaðrar körfuboltadeildar Ungmennafélagsins Hvatar á Blönduósi. Hún segir ekki hafa verið erfitt að stofna nýja deild innan Hvatar. „Það tók smátíma en aðallega skrifinnsku.“

Áhugi á körfubolta jókst

Körfuboltadeildin var stofnuð nú í september eftir talsverðan undirbúning. Aðdragandann má rekja til þess að Helgi Margeirsson, þjálfari frá Körfuboltaskóla Norðurlands vestra, á Sauðárkróki, kom með



Lee Ann Maginnis (t.h.) ásamt Guðrúnu Björk Elísdóttur, en þær stofnuðu körfuknattleiksdeild Umf. Hvatar á Blönduósi.

körfuboltanámskeið á Blönduós. Töluverður áhugi er á körfubolta á Blönduósi og jókst hann við þetta. Þegar ljóst var að áhugi væri fyrir því að halda úti reglulegum æfingum á Blönduósi setti ein móðir iðkanda hjá Helga sig í samband við hann síðasta haust og kannaði hvort hann gæti haldið úti reglulegum æfingum. Hún fór í að safna styrkjum til að greiða laun þjálfara og dugðu þeir fram að jólum. Áhuginn er enn til staðar og nú kemur Helgi á Blönduós tvisvar í viku, að sögn Lee Ann.

Stjórn eingöngu skipuð konum

Iðkendur í körfuboltadeildinni eru 25 talsins, á aldrinum 8–16 ára. Stjórn félagsins er eingöngu skipuð konum sem eru allar mæður barna sem sótt hafa námskeiðin hjá Helga. Fastar æfingar eru tvisvar í viku, síðdegis á mánudögum og þriðjudögum. Æfingar hefjast klukkan sjö og standa til níu og byrja yngri iðkendur æfingar á undan þeim eldri.

Lee Ann segir körfuboltadeildina opna öllum börnunum sem hafa áhuga á körfuknattleik. „Við ákváðum snemma að æfingar stæðu öllum til boða og æfingarnar eru opnar börnum í Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu. Hingað koma iðkendur frá Hvammstanga og sveitinni í kring,“ segir hún. Foreldrar skutla börnunum á æfingar en um 50 mínútur tekur að skjótast á Blönduós þaðan sem lengst er farið.

Iðkendur koma víða að, það eru bæði börn sem æfa aðrar íþróttir og önnur sem æfa ekkert annað.

Margt í boði fyrir börn og unglinga

„Margt er í boði hér á Blönduósi. Innan Ungmennafélagsins Hvatar eru það frjálssar íþróttir, fótþolti og sund og því eðlilegt að körfuboltinn færi þar undir líka,“ segir Lee Ann. Í sveitarfélaginu geta börn og unglingar jafnframt stundað júdó, golf, hestaiþróttir, Metabolic og það nýjasta er fimleikar. Félög í þeim greinum standa hins vegar utan félagsins.

Sveitarfélagið býður foreldrum ekki upp á frístundastyrki fyrir börnin sín. Í stað þess styrkir sveitarfélagið íþróttastarf í sveitarfélaginu með myndarlegum hætti og eru æfingagjöld á Blönduósi fremur lág.

Lee Ann segir allt, sem mæðurnar hafi stefnt að, hafi gengið eftir. Draumurinn sé að ráða þjálfara sem geti verið með æfingar á dagvinnutíma. „Við höfum ekki fundið hann enn og því er aldrei að vita nema að við mæðurnar skellum okkur sjálfar á þjálfaranámskeið,“ segir hún.



Körfuboltadeildin er með Facebook-síðuna:
www.facebook.com/karfahvot

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?



Í tæknivæddu samfélagi nútímans er erfitt að hugsa sér daglegt líf án rafmagns, svo samofið er það öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. RARIK rekur umfangsmesta rafdreifikerfi á Íslandi sem nær til 90% af sveitum landsins og til 44 þéttbýliskjarna. Lengd dreifikerfisins er 9.000 km og þar af eru 65% jarðstrengir.

www.rarik.is

 **RARIK**

Ungmennaráð gefur ungu fólki tækifæri til þess að láta raddir sínar heyrast

Soffía Meldal situr í Ungmennaráði UMFÍ. Hún var á meðal þeirra sem skrifuðu fyrstu skýrsluna um stöðu barna til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna

Íslensk ungmenni sendu í september sl. í fyrsta sinn skýrslu um stöðu barna á Íslandi til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Börn á Íslandi unnu skýrsluna um málefnið sem var kynnt nefndinni. Þetta var í fyrsta sinn sem börn á Íslandi sendu eigin skýrslu til nefndarinnar.

Barnaskýrslan var kynnt samhliða skýrslu níu frjálsra félagasamtaka um stöðu mannréttinda barna á Íslandi og það hvernig stjórnvöldum gengur að uppfylla Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Málefnið, sem voru efst á baugi í barnaskýrslunni, voru geðheilbrigðismál, samskipti barna við lögreglu, kynferðislegt ofbeldi, ofbeldi á netinu, staða fatlaðra barna, aðgengi að eiturlyfjum, hinsegin börn og börn með fjölbreyttan menningarlegan og tungumálabakgrunn. Markmið höfunda skýrslunnar var að raddir



allra barna á Íslandi heyrast og að börn á Íslandi fái tækifæri til að láta skoðun sína í ljós til að bæta landið og breyta því fyrir börn á þeim tímum sem við lifum og börn framtíðarinnar.

Skýrsluskrifin fóru fram með þeim hætti að ritstjórn var sett saman árið 2018 og kallaði hún eftir fulltrúum frá ungmennaráðum um allt land. Í verkefnahóp-

inn bættust sex börn yngri en 18 ára sem saman mynduðu Félag um barnaskýrslu til Barnaréttar Sameinuðu þjóðanna. Því til viðbótar var haft samráð við börn og ungmenni um allt land og viðtöl tekin við fagfólk.

Skýrslan vakti gríðarlega athygli og fjölluðu allir helstu fjölmiðlar Íslands um hana. Ritstjórn Umba fékk aðstöðu í þjónustu-

Samtökin, sem að skýrslunni koma, eru:

UMFÍ
UNICEF á Íslandi
Barnaheill
Heimili og skóli
Landssamtökin Proskahjálp
Mannréttindaskrifstofa Íslands
Rauði krossinn á Íslandi
Samfés
Öryrkjabandalagið

miðstöð UMFÍ við kynningu á skýrslunni og til að taka þátt í fundinum með Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna.

Hægt er að nálgast barnaskýrsluna og myndbandið á Facebook-síðu Umba

Soffía Meldal í þjónustumiðstöð UMFÍ.





Hópurinn sem skrifaði skýrsluna um réttindi barna á Íslandi.

Mjög gefandi að fá að hafa áhrif

Soffía Meldal, sem situr í Ungmennaráði UMFÍ, var í ritstjórn barnaskýrslunnar. Ritstjórnin heitir Umbi og dregur nafn sitt af sögupersónunni Umba, umboðsmanni biskups í bókinni Kristnihald undir Jökli eftir Halldór Laxness.

En hvernig kom það til að Soffía fór í stjórn Umba og fór að vinna að þessu brautryðjandaverki?

„Ég sat í Ungmennaráði Samfés 2018–2019 og var þar fulltrúi Ungmennaráðs Dalabyggðar. Það var svo Samfés sem tilnefndi mig í Umba í byrjun sumars árið 2019. Ritstjórnin hóf vinnu að barnaskýrslunni árið 2018 en svo árið 2019 óskuðu þau eftir fulltrúum frá ungmennaráðunum sem mynduðu Umba. Ritstjórnin ákvað efnistösk skýrslunnar og framkvæmd, hlutverk hennar var þá einnig að sjá um upplýsingaöflun og hún bar ábyrgð á skipulagi og skilum skýrslunnar. En þar sem þetta var í fyrsta skipti sem Íslendingar skiluðu svona skýrslu höfðum við ekkert til að vinna út frá. Verkefnið þróaðist svo hægt en örugglega og afraksturinn varð skýrsla og myndband byggð á reynslu og áhyggjum barna á Íslandi. Að lokum afhentum við svo lokaafurðina til Barnaréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem mun notast við hana sem hluta af reglubundnu eftirliti um innleiðingu Barnasáttmálans á Íslandi. Afhending skýrslunnar fór fram í gegnum fjarfund í ljósi aðstæðnanna en það var samt sem áður mjög áhugavert og gott að fá að hitta nefndina og tala við þau um stöðu málefna sem varða börn og ungmenni á Íslandi.“

Hvað þarf til að komast í svona verkefni?

„Maður þarf fyrst og fremst að hafa áhuga. Allir geta verið í ungmennaráðum ef áhuginn er til staðar. Ég sit í mörgum ungmennaráðum, Ungmennaráði Samfés, ritstjórninni Umba og líka í Ungmennaráði Dalabyggðar, Ungmennaráði UMFÍ, Ungmennaráði Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Ungmennaráði Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Ef ég get setið í þessum ráðum og tekið þátt í þessum félagsstörfum geta það allir. Fyrsta skrefið er að sýna áhuga og sækja um!“ segir hún.

Hvað gefur það þér að sitja í þessum ráðum og sinna vinnunni?

„Það gefur mér heilmikið að vera í ungmennaráðum og stjórn Umba. Ég hef lært svo mikið af þessu sem mun nýtast mér alla ævi. Ungmennaráð gefur ungu fólki tækifæri til þess að láta raddir sínar heyrast í samfélaginu. Ungt fólk getur alltaf leitað til ungmennaráðsins síns ef það verður fyrir ranglæti, því finnst að ekki sé hlustað á skoðanir þess eða með hvað sem er, sem liggur því á hjarta. Það er mjög gefandi að fá að hafa áhrif þegar kemur að málefnum sem varða ungt fólk og skipta okkur máli.“

Ein spurning að lokum: Er einhver fyrirmynd í umhverfi þínu sem skýrir ástæðuna fyrir því að þú fórst í Ungmennaráð Dalabyggðar og ert svona virk?

„Já, heldur betur. Hún Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir er algjör fyrirmynd mín, sérstaklega þegar kemur að félagsstörfum og ungmennaráðum. Hún sá um félagsmiðstöðina okkar í Búðardal og hjálpaði okkur í ungmennaráðinu mikið. Hún sat líka í Ungmennaráði UMFÍ og nú í stjórn UMFÍ og ég lít mikið upp til hennar.“

UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI

LÝÐRÆÐISLEG ÁHRIF
HVAR, HVENÆR OG HVERNIG GETUR
UNGT FÓLK HAFT ÁHRIF?



UMFÍ

Ungt fólk lætur í sér heyra

Ráðstefnan **Ungt fólk og lýðræði** haldin í fyrsta sinn í Reykjavík

Ungmennaráðstefna UMFÍ, Ungt fólk og lýðræði, var haldin í ráðstefnu- og tónlistarhúsinu Hörpu fimmtudaginn 17. september sl. Til stóð að halda ráðstefnuna í apríl 2020 en vegna Covid-19 var ákveðið að færa hana og fresta til septembermánaðar. Upphaflega stóð líka til að halda ráðstefnuna í Héraðsskólanum á Laugarvatni dagana 16.–18. september en vegna annarrar bylgju kórónufaraldursins var ákveðið að breyta viðburðinum í fyrsta sinn úr þriggja daga viðburði í aðeins einn dag. Allt var þetta gert í samráði við helsta styrktaraðila ráðstefnunnar, Erasmus+.

Ungmennaráðstefnan hefur verið haldin árlega frá 2009 en þetta var í fyrsta skipti sem þurft hefur að gera breytingu á henni. Mesta breytingin fólst í staðsetningu hennar. Frá upphafi hefur verið leitast við að halda ráðstefnuna utan höfuðborgarsvæðisins. Þegar nær dró og samkomutakmarkanir voru hertar var ákveðið

að færa ráðstefnuna til borgarinnar og láta hana standa yfir í aðeins einn dag. Þetta var í fyrsta skipti sem ráðstefnan er haldin í Reykjavík.

Metfjöldi ráðamanna

Yfirskrift ungmennaráðstefnunnar þetta árið var *Lýðræðisleg áhrif, hvar, hvenær og hvernig getur ungt fólk haft áhrif?* Þátttakendur voru ungmenni á aldrinum 15–25 ára og komu þau víðs vegar að af landinu. Auk ungmennanna sóttu tuttugu ráðherrar, þingmenn og borgarfulltrúar ráðstefnuna. Fjöldi þeirra hefur aldrei verið jafnmikill.

Þátttakendur og gestir ráðstefnunnar höfðu líka fjölmargt til að hlakka til. Dagskráin var fjölbreytt og innihélt hún m.a. samtal ungmenna og ráðamanna, fyrirlestra og pallborðs-umræður. Fyrirlesarar voru Jón Halldórsson frá KVAN og Bergsveinn Ólafsson fyrirlesari sem slógu báðir í gegn.

Á setninguna mættu Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, og héldu þeir báðir eftirtekta-verð ávörp. Virkan þátt í umræðuhópum tóku þau Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og þingmennirnir Björn Leví Gunnarsson, Andrés Ingi Jónsson, Guðmundur Ingi Kristinsson, Helga Vala Helgadóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðjón S. Brjánsson og Vilhjálmur Árnason. Ásamt þeim voru í umræðuhópnum Ketill Berg Magnússon, mannauðsstjóri Marel, og Ragna Sigurðardóttir borgarfulltrúi. Í pallborðs-umræður mættu og tóku þátt Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, og þingmennirnir Andrés Ingi Jónsson, Willum Þór Þórsson, Bryndís Haraldsdóttir og Steinunn Þóra Árnadóttir auk Sönnu Magdalenu Mörtudóttur borgarfulltrúa.

78%

þátttakenda mættu hér á sína fyrstu ráðstefnu

UMFÍ

95%

þátttakenda lærðu eitthvað nýtt á ráðstefnunni.

97%

þátttakenda fannst að Ungmennaráð UMFÍ eigi að halda áfram að standa fyrir svipuðum viðburðum.

UMFÍ

„Listin snýst um að læra af liðinni tíð og finna samtakamáttinn en vera um leið raunsær“



Forseti Íslands: Gleðin felst í því erfiða

Á ráðstefnunni sagði Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, í ávarpi sínu ungt fólk upp til hópa búa yfir því sjálfstrausti sem þarf til þess að vilja móta eigin líf og er óhrætt við það.

„Það sem þið takið ykkur fyrir hendur á að vera erfitt. Ef það er ekki erfitt, er það ekki þess virði að taka eitthvað að sér,“ sagði Guðni. Í ávarpinu fjallaði hann um ábyrgðina og það hvernig maður lætur til sín taka í samfélaginu þótt maður beri marga og mismunandi hatta. Hann lýsti m.a. þeim mótsögnum sem felast í því að vera sagnfræðingur og forseti.

„Í starfi mínu er næstum því skrifað í starfslýsinguna að horfa fram á við. En það er skrýtið, því að ég er sagnfræðingur og í fyrri störfum er líka skrifað í starfslýsinguna að vera gagnrýninn. Þetta er hlutskipti sem maður velur sér. Listin snýst um að læra af liðinni tíð og finna samtakamáttinn en vera um leið raunsær,“ sagði hann og lagði áherslu á að finna leiðir og læra listina að miðla málum.

Netmiðillinn Visir

var með beina útsendingu frá pallborðs-umræðum ráðstefnunnar og var jafnframt streymt beint frá henni á Facebook. Hægt er að sjá pallborðs-umræðurnar með því að skanna inn QR-kóðann sem hér fylgir með.






Sögulegur fundur hjá UMFÍ

43. sambandsráðsfundur UMFÍ

var haldinn síðla dags 29. október síðastliðinn. Þetta var sögulegur fundur. Venja hefur verið að sambandsráðsfundir standi í 1-2 daga þar sem formenn og framkvæmdastjórar sambandsaðila UMFÍ ráða ráðum sínum. Til stóð að halda sambandsráðsfundinn á Hótel Geysi í Haukadál, með um sextíu fulltrúum sambandsaðila UMFÍ um allt land og starfsfólki. Samkomubann ýtti þeim áætlunum út af borðinu en takmarkaður fjöldi mátti koma saman í einu rými. Þess í stað var fundurinn haldinn með fjarfundabúnaðinum Microsoft Teams.



UMFÍ ætlar að sporna gegn brottfalli úr skipulögðu starfi

Hætt er við að brottfall barna og ungmenna úr skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi muni aukast í COVID-faraldrinum samhliða atvinnuleysi forráðamanna. Í starfi UMFÍ er fram undan stefnumótun sem á að koma í veg fyrir þetta eða draga úr hættunni, að sögn Hauks Valtýssonar, formanns UMFÍ. Hann hélt ávarp á sambandsráðsfundinum frá heimili sínu á Akureyri og talaði til sambandsaðila með fjarfundabúnaði.

Haukur fór í ávarpi sínu yfir liðið starfsár og sagði það hafa þróast á allt annan veg en lagt var upp með. Honum varð tíðrætt

um mikilvægi samstarfs og samvinnu og sagði ungmennafélagshreyfinguna sterkari með þremur íþróttabandalögum sem fengu aðild að UMFÍ á sambandsþinginu í fyrra.

„Við erum að sjálfsgöðu með mörg verkefni á ýmsum stigum til að sporna við þeirri neikvæðu þróun sem hillir undir við sjóndeildarhring. Óháð því hvernig faraldurinn þróast stefnum við að því að fara um allt land og vinna náið með sambandsaðilum og Ungmennaráði UMFÍ. Stefnan miðar að því að styðja við starf íþrótt- og ungmennafélaga í heimahéruðum. Hún horfir til

umhverfismála, félagslegra þátta og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. En ofar öllu munum við huga að eflingu lýðheilsu landsmanna, ekki síst hvers og eins. Ég hvet sambandsaðila UMFÍ og aðildarfélög um allt land til að vinna að því að auka hreyfingu fólks. Það hefur ekki aðeins áhrif á þá sem eru í félögum okkar heldur samfélagið allt. Við eigum að einhenda okkur markvisst í að sinna af meiri krafti fólki sem stendur utan afreksíþróttar, þeim sem stunda óhefðbundnar íþróttir, og að auka félagsstarf okkar,” sagði hann.

Rafrænar kosningar eru framtíðin

Kosið var um öll mál á sambandsráðsfundi UMFÍ með rafrænum hætti. Kosningakerfið var búið til hjá Advania í samstarfi við Alþýðusamband Íslands (ASÍ). Það nýttist afar vel á fundinum og getur auðveldlega nýst til mun stærri mála. Á vefsíðu Advania segir að það sé vel í stakk búið til að annast þjóðar- atkvæðagreiðslu.

Í aðdraganda fundarins gerði Sigurður Másson, deildarstjóri hjá Advania, allt klárt fyrir kosningarnar í samstarfi við starfsfólk UMFÍ. Í því fólst m.a. að setja upp málin sem átti að kjósa um og fylla inn í kerfið þá sem hafa kosningarétt á fundinum.

Undirbúningur og framkvæmd rafrænna kosninga er einfaldari en undirbúningur fyrir

hefðbundnar kosningar, með kjörseðlum á pappír, og talningin nákvæmari, til dæmis ef um handauppréttingar er að ræða. Kosningakerfið er þróað til að standast yrustu kröfur um persónuvernd og öryggi og atkvæðin eru dulkóðuð.

Þúsundir geta kosið í einu

Kosningakerfið hefur verið nýtt til að kjósa um lífskjarsamningana. Ferlið var með þeim hætti að þegar sátt náðist um samningana eftir langar og strangar samningaviðræður voru þeir bornir undir félagsmenn í um 30 stéttarfélögum. Á kjörskrá var um helmingur alls vinnandi fólks í landinu og gat það ýmist samþykkt samningana eða hafnað þeim.

Með rafrænu kosningunum spöruðu verkalyðsfélögin sér tugi milljóna króna sem fóru áður í pappírskostnað, pósthúðargjald fyrir að senda kjörseðla til félagsmanna, kostnað við að halda kjörstöðum opnum og talningu atkvæða. Þar að auki gengu kosningar hraðar. Reyndar flýtti kosningakerfið fyrir kjara- viðræðum því að á meðan þeim stóð var kosningakerfið notað til að kjósa um útfærslur á fyrirhuguðum verkföllum.

Kerfið hefur þegar verið notað í kosningum um Salek-samkomulagið, þar sem um 80 þúsund manns voru á kjörskrá. Auk þess hafa VR, Neytendasamtökin, Þjóðkirkjan, Flugvirkjafélag Íslands og Ríkissáttasemjari notað það.

Leitað eftir stuðningi

Á sambandsráðsfundinum hvöttu sambandsaðilar mennta- og menningarmálaráðherra, ríkisstjórn og alþingismenn til að styðja enn betur við íþrótt- og ungmennafélagshreyfinguna á komandi árum.

Í ályktun, sem samþykkt var á fundinum, eru tíundaðar krefjandi aðstæður íþrótt- og

ungmennafélaga. Þar segir að mikilvægt sé að starfsemi þeirra raskist ekki þótt kreppi að í þjóðfélaginu. Nú, frekar en áður, sé hætt á brottfalli barna úr skipulögðu íþróttastarfi. Það hafi áhrif á forvarnir og muni koma fram síðar í samfélagslegum kostnaði. Hreyfingin vonist til að stjórnvöld sýni málinu skilning.

Nú verði að standa vörð um og efla lýðheilsu í samvinnu við fagfólk og yfirvöld, hvetja til þess að fólk á öllum aldri stundi hreyfingu og félagsþátttöku og efla líkamlega, andlega og félagslega heilsu sína. Þetta sé langtímaverkefni þar sem tilvalið sé að horfa til sambandsaðila, félaga og einstaklinga í hreyfingunni.

UMFÍ



ÍÞRÓTTAVEISLA

KÓPAVOGI 25. - 27. JÚNÍ 2021

Allt um veisluna og skráning á ithrottaveisla.is





Davíð Þór Sigurðarson, formaður Íþróttafélagsins Hattar á Egilsstöðum, og Gunnar Gunnarsson, formaður Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands, með Hvatningarverðlaun UMFÍ 2020. Á milli þeirra er brjóstmynd af Þórarni Sveinssyni, einum af stofnendum UÍA.

Hvatningarverðlaun fyrir einstakt íþróttahús

Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA) hlaut á sambandsráðsfundi UMFÍ Hvatningarverðlaun UMFÍ fyrir vel heppnað, nýtt íþróttahús Íþróttafélagsins Hattar á Egilsstöðum. Félagið byggði íþróttahúsið í samvinnu við sveitarfélagið Fljótisdalshérað. Þetta er þúsund fermetra hús fyrir fimleika og frjálsar íþróttir sem vígt var með viðhöfn í september.

Gerir fólkið okkar stolt

„Margir hér lögðu mikið á sig til að láta íþróttahúsið verða að veruleika. Hvatningarverðlaunin skipta okkur því gríðarlega miklu máli og gerir fólkið okkar stolt af því að tilheyra félaginu,“ segir Davíð Þór Sigurðarson, formaður Íþróttafélagsins Hattar á Egilsstöðum.

Það var Sprettur sporlangi, lukkuðyr UÍA, sem afhenti Davíð Hvatningarverðlaunin á Egilsstöðum. Sýnt var frá afhendingunni í beinni útsendingu í fjarfundabúnaðinum Microsoft Teams. Verðlaunin verða hengd upp í anddyri íþróttahússins ásamt upplýsingum um framkvæmdina og því hvernig það var reist með ungmennafélagsandann að leiðarljósi.

Pegar sjálfbóðaliðar hjálpast að

Íþróttahúsið og framkvæmdin öll er eftirtektarverð. Húsið var reist með ódýrari hætti en önnur hús. Hið ótrúlega gerðist líka að bæði tímaáætlanir og kostnaðaráætlanir stóðust. Það heyrir til undantekninga. Skóflustunga að íþróttahúsinu var tekin haustið 2018 og það var svo tekið í notkun núna í ár. Íþróttafélagið Höttur sá um framkvæmdina en sveitarfélagið lagði 270 milljónir króna til verksins. Kostnaður við byggingu íþróttahússins er lægri en venjan er. Ástæða þess, að tókst að halda kostnaði niðri, var að nokkru leyti sú að fjölmargir sjálfbóðaliðar Hattar stóðu að verkinu og öflug fyrirtæki sem unnu með íþróttafélaginu.

Davíð segir framkvæmdina vissulega hafa tekið á.

„Það kom fyrir í ferlinu að mig langaði að gefast upp. En þá er svo frábært að tilheyra hópi þar sem stemning er fyrir því að leysa öll vandamál og vinna sig í gegnum skaflana sem koma. Ef ég hefði staðið í þessu einn hefði ég gefist upp. En við leystum úr hverju vandamáli sem kom upp með samstarfsaðilum og sjálfbóðaliðum í þessu langa ferli. Þetta er svoltið eins og að halda Unglingalandsmót í heil fimm ár, frá því við við skrifuðum undir viljayfirlýsingu um framkvæmdina við sveitarstjórnina og þar til húsið var vígt,“ segir hann.

Fólk gerir stórkostlega hluti saman

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, og margir fleiri voru við vígsluathöfnina á Egilsstöðum. Í ávarpi sínu vitnaði Guðni í Hefnendurna eða The Avengers og rifaði upp að leiðtogi Hefnendanna hefði sagt að þar hefði kviknað sú hugmynd að húa saman fólki og sjá hvort það gæti ekki gert eitthvað stórkostlegt saman. Það sama mætti sjá í fimleikahúsinu á Egilsstöðum.

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, var einnig viðstödd vígslu hússins. Hún sagði í ávarpi sínu framkvæmdina alla endurspeglu ungmennafélagsandann. Nú hringi margir sérfræðingar að sunnan austur til að læra af forðæmi Hattarfólks. Íþróttahreyfingin í heild myndi hagnast á því þegar svarað væri í símann. Þá benti hún á að oft sé ráðist í dósasófnun til að fjármagna hins ýmsu verk. Til samanburðar hafi íþróttahúsið kostað 13.750.000 dósir – eða það sama og 8.800 fimleikabúningar kosta.



Decubal Face wash

Hreinsifroða sem hreinsar húðina á mildan en jafnframt áhrifaríkan hátt. Froðan hefur léttu og mjúka áferð og þurrkar ekki húðina en skilur hana eftir mjúka og hreina. Hún inniheldur rakagefandi glýserín og allantóin sem hreinsar burtu dauðar húðflögur og hvetur til frumuendurnýjunar.

Decubal Face cream

Dagleg umhirða húðarinnar getur komið í veg fyrir þurrk og haldið húðinni heilli og teygjanlegri. Nærið húðina með þessu milda andlitskremi. Það inniheldur E-vítamín sem mýkir húðina. Kremið smýgur fljótt inn í húðina og er ekki fitukennt – sem gerir það að góðum grunni undir farða.

Fyrir daglega umhirðu húðarinnar

Allar Decubal vörur eru öruggar, mildar og rakagefandi ásamt því að vinna gegn þurri húð. Decubal er allhiða húðvörulína og hentar öllum í fjölskyldunni. Decubal er algjörlega laust við ilmfeni, litarefni og parabena og er eingöngu selt í apótekum.

DECUBAL
EXPERT CARE FOR DRY SKIN

Þetta þarf að gera

Minnisblað UMFÍ um aðgerðir í COVID-faraldrinum var kynnt í tengslum við sambandsráðs-fund UMFÍ sem haldinn var 29. október sl. Á minnisblaðinu er leitast við að draga upp heildar-mynd af þeim sviðsmyndum sem blasa við ungmennafélagsshreyfingunni í faraldrinum, eins og ástandið er, og lýsa stöðunni sem stjórnendur íþrótta- og ungmennafélaga standa frammi fyrir. Lagðar eru fram tillögur um aðgerðir til þess að bregðast við.

Á minnisblaðinu segir að íþróttafólk kunni að keppa á velli. Leikurinn nú sé mikilvægari en nokkur annar. Þennan leik verði aðeins hægt að vinna í sameiningu, með sameiginlegum áherslum og markmiðum að leiðarljósi. Það sem skipti öllu máli sé að koma starfinu aftur í gang.

Lagðar eru fram aðgerðir á tungumáli leiksins, bæði í vörn og sókn, enda er lykilatriði í góðu íþróttastarfi að huga að báðum þáttum. Tekið er fram á minnisblaðinu að til grundvallar liggja staða mála og þær aðgerðir sem nú þegar hefur verið gripið til af hálfu stjórnvalda.



VÖRN

Þessar aðgerðir snúast um að verja grunnstarfsemi íþrótta- og ungmennafélagsshreyfingarinnar.

STARFSEMI FÉLAGA – NEYÐARSJÓÐUR (SÉRTÆK ÚTHLUTUN II)

Mælt með því að bæta við aðgerðir og að viðbótin verði frá 1. júní og til dagsins í dag.

HLUTABÓTALEIÐ

Finna leið til þess að hlutabótaleiðin geti nýst íþrótta- og ungmennafélagsshreyfingunni. Margir starfsmenn hennar eru í aukastarfi í hreyfingunni og því voru kröfur um 45% lágmarksstöðugildi hamlandi og beinlínis hindrandi.

LOKUNARSTYRKIR

Nauðsynlegt er að íþrótta- og ungmennafélög geti nýtt sér lokunarstyrki, bæði fyrri hluta árs og eins þá sem eru til umræðu nú.

TRYGGINGAGJALD

Mikilvægt að fella tímabundið niður tryggingagjald til félaganna.

SÓKN

Þessar aðgerðir snúast um að sækja fram með nýjum áherslum og samvinnu stjórnvalda og íþrótta- og ungmennafélagsshreyfingarinnar. Það er gert með hvötum og verkefnum sem stuðla að því að ná markmiðum stjórnvalda og framtíðarsýn þar sem fólk geti stundað íþróttir á því sviði sem það kys.

LÝÐHEILSA

Tækifæri til að ýta úr vör átaki á landsvísu til 5 ára sem miðar að því að bæta líkamlega, andlega og félagslega heilsu landsmanna. Viðtækt net íþrótta- og ungmennafélaga um allt land og þekkingin á því sviði eru til þess fallin að nýta í verkefnið.

FRÍSTUNDASTYRKIR

Hækka frístundastyrki til skipulagðs íþrótta- og æskulýðsstarfs.

ÍÞRÓTTAHERUÐ

Tækifæri til þess að tryggja þær kröfur sem gerðar eru til íþróttastarfs, óháð því hvar á landinu iðkandi er búsettur, og veita samræmda þjónustu. Lagt er til að það verði gert með átaksverkefni sem miði að því að styrkja stöðu íþróttahéraða, með því að hjálpa þeim til samstarfs og samvinnu. Þannig geti þau uppfyllt það hlutverk sem þeim er ætlað og stutt betur við félög í nærumhverfi sínu.

FRÆÐSLA

Hlutfallslega stunda mun færri börn af erlendu bergi brotin íþróttir undir hatti skipulags starfs en jafnaldrar þeirra sem eiga foreldra sem fæddir eru á Íslandi. Lagt er til að verði blásið til sóknar til að bæta ástandið á því sviði frekar.

SJÓÐIR

Fáir sjóðir eru í boði sem hægt er að sækja um styrki í. Lagt er til að efla verulega sjóði í umsjón ríkisins til íþrótta- og æskulýðsstarfs.

MARKAÐSHERFERÐ

Ná til sem flestra, almennings sem hópa á jaðrinum, sem hafa ekki kynnst eða haft tækifæri til að kynnast kostum skipulagðs íþrótta- og æskulýðsstarfs.

ÍÞRÓTTASTEFNA RÍKISINS – AUKIN SAMVINNA

Efla samstarf í íþróttahreyfingunni og samræma stefnu stjórnvalda. Setja af stað sérstakt verkefni sem hvetur til aukinnar samvinnu innan íþrótta- og ungmennafélagsshreyfingarinnar.

HAGRÆN ÁHRIF

Gera úttekt á hagrænum áhrifum ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar fyrir þjóðarhag.

Hægt er að nálgast upplýsingar hér:



Takk fyrir stuðninginn



Ingvar hjá ÍBR: Við höfum áhyggjur af brottfalli úr íþróttum

Vísbendingar eru um að dregið hafi úr skráningum iðkenda í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi. Formaður ÍBR mælir með því að þjálfarar íþróttafélaga þjálfni börn á skólatíma.



„Við hjá ÍBR höfum verulegar áhyggjur af ástandinu. Staðan hefur verið mjög erfið hjá íþróttafélögum á höfuðborgarsvæðinu og veturinn verður mjög erfiður. Þess vegna er mikilvægt að við stöndum saman,“ segir Ingvar Sverrisson, formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR).

Ingvar var á meðal gesta á sambandsráðs-fundi UMFÍ. Þar var kynnt Minnisblað UMFÍ um áhrif kórónuveirufaraldursins á íþróttastarf, staða greind og teknar saman tillögur að aðgerðum til framtíðar. Tilgangurinn með minnisblaðinu var að taka saman stutt yfirlit um áhrifin og umræðuna innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Áhyggjur og áskoranir stjórnenda og starfsmanna félaganna eru miklar og fjölbreyttar um allt land.

Á Minnisblaðinu má sjá að iðkendum í hópi barna og ungmenna hefur fækkað á árinu miðað við síðastliðin tvö ár.

Ingvar hefur áhyggjur af stöðunni ef grip-ið verður áfram til harkalegru aðgerða til að stemma stigu við útbreiðslu COVID-smíta.

Hann tekur líka undir að merkja megi vísbendingar um aukið brottfall úr skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.

„Við sjáum að brottfall er að aukast, sérstaklega í einstaklingsgreinum, greinum sem eru dýrari en aðrar, þar á meðal í fimleikum, dansi og bardagaíþróttum. Við heyrum frá sumum deildum íþróttafélaga í Reykjavík dæmi um

fólk sem hefur skráð börn sín í tiltekna grein í haust en viðkomandi hafi síðan ekki fengið þá þjónustu sem hann vænti. Fram að þessu hafa ekki margir krafist endurgreiðslu æfingagjalda. Hætt er við, ef æfingar verða ekki í boði mikið lengur, að líkur á því aukist.

Ég hef í stuttu máli áhyggjur af því að brottfall úr skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi muni aukast verulega við áframhaldandi takmarkanir á starfinu. Íþróttahreyfingin hefur í mörgum tilfellum staðið sig mjög vel í að tala við fólk, koma á æfingum og fleira í þeim dúr. En við þurfum að velta því alvarlega fyrir okkur hvornig framhaldið verður. Íþróttahreyfingin og skipulagða starfið innan hennar er alveg jafnmikilvægt og skólinn og því þarf að tvinna þetta saman,“ segir Ingvar.

Ingvar leggur til að skólayfirvöld eða einstakir skólar geri samninga við íþróttafélögin í hverfi sínu eða nærsamfélagi og þjálfni börnin í meira mæli á skólatíma. Ekki aðeins til að



halda þeim á hreyfingu heldur líka til að halda að þeim gildi skipulagðs íþrótt- og æskulýðsstarfs.


„Ég veit ekki hvaða hlutfall er rétt. En það þarf að tryggja að börn festist ekki í hreyfingarleysi. Það getur orðið mjög hættulegt ef við verðum lengi í þessu ástandi. Við verðum að tryggja að börnin verði áfram í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi þegar ástandinu lýkur.“

Íþrótt- og æskulýðsstarf í skráningarkerfinu Nóra

Yfirlit um allt íþróttastarf úr skráningarkerfinu Nóra. Greiningin var gerð 20. október 2020. Athygli er vakin á því að ekki eru öll íþrótt- og ungmennafélög á landinu sem nýta kerfið fyrir skráningar sínar. Þó nýta langflest félög kerfið og því ætti það að geta gefið vísbendingar um þá þróun sem er hafin.

Innan hvers aldursflokks er hver kennitala talin einu sinni. Á undanförunum árum hefur skráningum á haustönn yfirleitt verið lokið á þessum tíma.

Fjöldi iðkenda eftir ári



COVID-19

og áhrifin á íþróttastarfið frá vori

Árið 2020 fór ekki vel af stað. Faraldur kórónuveirunnar breiddist hratt út um heimsbyggðina rétt eftir áramótin. Veiran hafði gífurleg áhrif um allan heim og raskaði lífi margra. Faraldurinn hefur litað alla starfsemi UMFÍ árið 2020. Stærstu viðburðum UMFÍ var sumum frestað lengra inn í árið en öðrum var frestað um eitt ár. Fjallað var um upphaf COVID-veirunnar í fyrsta tölublaði Skinfaxa. Hér verður horft á íþróttastarfið síðan í apríl.

6. apr 2020

Samkomubann. Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni lokað til 4. maí.

Tilmæli um endurgreiðslu æfingagjalda.

12. apr 2020

21. apr 2020

Aðgerðapakki ríkisstjórnarinnar kynntur: Viðbót- arframlag vegna tómsundastarfs barna allt að 50 þúsund krónum á barn, samtals 600 milljónir króna, til fjölskyldna með tekjur og bætur undir 740 þúsund krónum á mánuði. Aðgerðin komst í framkvæmd um haustið.

Ákveðið að fresta Landsmóti UMFÍ 50+ og Íþróttaveislu UMFÍ um eitt ár.

28. apr 2020

2. maí 2020

Eysteinn Pétur Lárússon frá Breiðabliki, Líney Rut Hall- dórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, og Pálmar Ragnarsson, fyrirlsari og þjálfari hjá Val, ræða íþróttastarfið á fundi Almanna- varna.

Takmarkanir á fjölda barna og ungmenna í íþróttastarfi falla niður.

4. maí 2020

19. maí 2020

ÍSÍ greiðir tæpar 300 milljón- ir króna til íþrótt- og ung- mennafélaga.

Fjöldatakmörkanir vikkaðar úr 50 manns í 200.

22. maí 2020

27. maí 2020

Stjórnendur íþrótt- félaga sækja um sértæka styrki vegna fjárhags- legs tjóns af völdum kóróna- veirunnar.

Unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi frestað um eitt ár.

9. júl 2020

31. júl 2020

Skylt að hafa 2 metra á milli einstaklinga og 100 manna hámark. Hlé á æfingum og keppnum með snertingu.

Snertingar heimilaðar í íþróttum. Áfram er miðað við 100 manna hámarksfjölda.

12. ágú 2020

17. ágú 2020

Ákveðið að ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði verði haldin 16.–18. september á Laugarvatni.

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, og Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, saman í vinnuhópi á samráðs- fundinum Að lifa með veirunni.

20. ágú 2020

25. ágú 2020

Allar íþróttir leyfðar.

ÚÍA heldur sambands- þing á Teams.

27. ágú 2020

2. sep 2020

Ákveðið að færa ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði frá Laugarvatni til Reykjavíkur.

ÍSÍ tilkynnir um greiðslu rúmra 150 milljóna króna til íþróttahreyfingarinnar vegna tekjutaps af völdum viðburða sem fóru ekki fram.

3. sep 2020

4. sep 2020

Stjórn UMFÍ hvetur ríki og sveitarfélög til að styðja við skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf.

7. sep 2020

1 metra nándarmörk í stað 2 metra. 200 manns leyft að koma saman í stað 100.

7. sep 2020

Borgarráð samþykkir tillögu borgarstjóra um að veita íþrótt- og æskulýðsfélög- um í Reykjavík sérstakan stuðning upp á 135 milljónir króna vegna tekjutaps af völdum COVID-19.

10. sep 2020

Smitum fjölgar, fleiri fara í sóttkví.

14. sep 2020

17. sep 2020

Ungmennaráð- stefnan Ungt fólk og lýðræði fer fram í Hörpu.

17. sep 2020

HSK heldur héraðsþing sem hafði verið frestað frá vori.

17. sep 2020

26. sep 2020

Almanna- nefnd höfuðborgar- svæðisins segir að í skugga þess að 389 smit hafi greinst (87% þeirra á höfuðborgar- svæðinu) hafi verið ákveðið að banna áhorfendur á leikjum og íþrótt- æfingum barna á höfuðborgarsvæðinu. Foreldrar og forráðamenn fá ekki að vera viðstaddir æfingar og frístundastarf barna.

28. sep 2020

Íþróttir leyfðar. Hámarks- fjöldi áhorfenda 200 í rými.

Aðgerðir hertar. Áhorfendur ekki leyfðir á íþróttaleikjum, Eins metra nándartakmörkun í búningsklefum.

4. okt 2020

7. okt 2020

Heilbrigðisráðherra felst á enn harðari sam- komutakmarkanir á höfuð- borgarsvæðinu. Íþróttir og líkamsrækt innandyra óheimilar, íþróttir utandyra leyfðar en aðeins 20 einstaklingar í hverju rými og sundlaugar loka.

8. okt 2020

Almannavarnir og sótt- varnalækni mælast til þess að íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu geri hlé á æfingum og keppnum frá 8. til 19. okt.

16. okt 2020

Hertari reglur um íþrótt- starf á höfuðborgarsvæði en utan þess.

Almanna- nefnd höfuðborgar- svæðisins lætur loka íþrótt- mannvirkjum og sundlaug- um á höfuðborgarsvæðinu. Íþróttakennsla leyfð utandyra.

20. okt 2020

21. okt 2020

Æfingar meistaraflokka og afreksíþróttafólks leyfðar á höfuðborgar- svæðinu.

43. Sambandsráðsfundur UMFÍ fer fram á Teams.

29. okt 2020

30. okt 2020

Íþróttastarf fellur niður og sundlaugar loka um allt land til 17. nóvember.

Ríkisstjórn Íslands sam- þykkir tillögu Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra, og Lilju D. Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráð- herra, um að ráðast í aðgerðir til að koma til móts við íþrótt- og æskulýðsfélög landsins.

31. okt 2020

Stuðningur við skipulagt íþróttastarf skilar sér margfalt til baka

Tveir ráðherrar leggja til aðgerðir sem eiga að koma í veg fyrir röskun á skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi

„Það er mikilvægt að öll börn eigi þess kost að stunda íþróttir en ljóst er að þær sóttvarnaraðgerðir sem við höfum þurft að grípa til hafa haft mikil áhrif á starfsemi íþróttafélaga. Það þykir því gríðarlega brýnt að við ráðumst í mótvægisáðgerðir,“ segir Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, um þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur boðað til að tryggja að íþróttastarf barna raskist ekki, til lengri tíma litið.

Þegar tilkynnt var um tillögur hans og Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, sem ætlað er að koma til móts við íþrótt- og æskulýðsfélög í landinu vegna COVID-faraldursins, sagði hann það skynsamlegt að verja fjármunum í íþróttahreyfinguna, því að hún gegni gríðarlega mikilvægu hlutverki fyrir lýðheilsu þjóðarinnar.

„Þátttaka barna og ungmenna í íþrótt- og æskulýðsstarfi hefur góð og þroskandi áhrif á þau. Sú fjárfesting skilar sér margfalt fyrir samfélagið allt til lengri tíma,“ sagði hann.



Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, og Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra.

Tillögur stjórnvalda í stuttu máli

- Að útvíkka úrræði Vinnuálastofnunar og gera íþróttafélagi kleift að sækja um styrki vegna launagreiðslna til starfsmanna sem geta ekki sinnt starfi sínu.
- Íþrótt- og æskulýðsfélögum, ásamt sambandsaðilum ÍSÍ, verður gert kleift að sækja um sérstaka styrki vegna tekjufalls á tímabilinu 1. júní sl. til 1. október sl.
- Að veita íþróttafélögum styrki vegna verktakakostnaðar frá 1. október sl. og þar til starfsemi íþróttahreyfingarinnar kemst í eðlilegt horf.

Við tryggjum hjá Sjóvá

Þórunn Ólafsdóttir *Þórunn Ólafsdóttir*



Tryggjum framtíð okkar nánustu.

Líf- og sjúkdómatrygging kostar minna en þú heldur.

Við veitum ráðgjöf á sjova.is/lifogsjuk.



SJÓVÁ

Persónuleg tengsl

skila enn flestum styrkjum



Íslendingar eru frekar ófagmannlegir þegar kemur að því að leita styrkja fyrir íþróttafélög og -deildir. Persónuleg tengsl skipta mestu máli. Björn Berg Gunnarsson skoðaði samband þróttafélaga og fyrirtækja í meistararitgerð sinni og komst að því að forystumenn íþróttafélaga mættu oft vera hugmynda- ríkari en þeir eru, svo sem þegar kemur að því að lyfta undir styrktaraðila félaganna. Fyrirtækin mættu sömuleiðis eins vera montnari af því að styrkja íþróttastarf, tiltekin félög eða deildir.

Meirihluti styrkja til knattspyrnufélaga er til kominn vegna persónulegra tengsla beggja vegna borðs- ins. Dæmi um það er þegar maður þekkir mann, stjórnandi í fyrirtæki á barn í hópi iðkenda, hefur æft með félaginu sjálfur eða hann hefur stutt félagið alla tíð. Við- skiptalegir hagsmunir og fagleg sjónarmið ráða sjaldnar för. Á sama tíma hafa stór fyrirtæki dregið úr styrkjum til íþróttafélaga, hafa í hyggju að gera það og færa styrk- féð frekar í skýrt afmarkaða þætti, svo sem að vinna með umhverfisvernd eða sinna öðru sem getur talist til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í meistararitgerð Björns Berg Gunnarssonar frá Háskóla Íslands í markaðsfræð- um og alþjóðaviðskiptum sem hann skil- aði af sér síðastliðið sumar. Í ritgerðinni skoðaði hann kostun nokkurra knatt- spyrnuliða og tók viðtöl við fólk, bæði á vegum fyrirtækja og íþróttafélaga, ræddi við það um styrkina og samstarfið og velti því upp hvað kunni að vera farsælt til framtíðar.

Við ritgerðarskrifin ræddi Björn við for- svarsmenn nokkurra fyrirtækja og knattspyrnudeilda, þar á meðal Íslandsbanka, Skeljungs, TM, KR, Íslensks toppfótbolta og Breiða- blíks. Hann telur að þótt í þessu tilviki sé um knattspyrnufélög að ræða megi vel yfirfæra vangaveltturnar yfir á önn- ur íþróttafélög og -deildir.



„Félögin þurfa að skera sig úr með einhverjum hætti, fá fyrirtækin til að sjá stuðning sinn sem vettvang í kröftugri markaðssetningu vörumerkis eða finna annan sameiginlegan hag af mögulegu samstarfi“.

Björn Berg Gunnarsson

Hægt að fá meira út úr stuðningi

Björg Berg segir það hafa komið sér á óvart hve persónu- leg tengsl ráði miklu um styrkveitingar fyrirtækja til íþrótt- félaga.

„Persónulegu tengslin ráða mestu og virðist lítilt áhugi á að breyta því. Fyrirtæki geta þvert á móti kostað tiltekin íþróttafélög í hefðbundnu markaðsstarfi sínu,“ segir Björn Berg. Hann nefnir í ritgerðinni gríðarlegar upphæð- ir sem fyrirtæki leggi til íþróttastarfs víða erlendis. Oft er mikið gert úr stuðningin- um og hifa aðilarnir hvor annan upp, það er að segja, fyrirtækið stærir sig af því að styrkja íþróttafélag eða -grein og félagið hampar stuðningnum.

„Í öðrum löndum, sérstaklega í Banda- ríkjunum, setja fyrirtæki fjármuni, kannski í eitt félag, og monta sig af samstarfinu. Segi- um að milljón dollara fari í fjárstuðning en ein og hálf í auglýsingar fyrirtækisins til að segja frá stuðningnum. Hér á landi er algengara að lítil fyrirtækja styðji mörg

lítil félög. En fyrirtækin á Íslandi auglýsa lítið hvað þau séu að styrkja. Það er eins og þau séu feimin að gera það. Í rauninni ættu þau að vera stolt af því og gera það á fjölbreyttan hátt. Eins geta íþróttafélögin verið duglegri við að auglýsa hverjir styrktaraðilar þeirra eru,“ segir hann og bendir á að það styrki samband fyrirtækja og íþróttafélaga.

Björn Berg segir flesta fara hefðbundna leið í leit að styrkjum fyrir íþróttafélög og -deildir. Hann þekki það sjálfur vel úr starfi sínu hjá KV á sínum tíma.

„Ég veit alveg hvaða romsu maður fer með til að sækja styrki. En það er sama hvað maður segir, það skiptir fyrirtækin bara engu máli,“ segir hann og leggur áherslu á að forsvarsmenn þeirra íþróttafélaga eða deilda, sem eru að leita styrkja, undirbúi sig vel til að auka líkurnar á samstarfi viðkomandi fyrirtækis og íþróttafélagsins eða stuðningi við deildina.

Styrkveitingar að breytast

Björn segir að til lengri tíma lítið geti það boðið hættunni heim hversu mjög persónuleg tengsl ráði styrkveitingum fyrirtækja til íþróttafélaga. Það geti þó skipt sköpum enda oft hætt við að hefðbundin umsókn skili litlum árangri. Hann hvetur þess vegna forsvarsmenn íþróttafélaga og þá sem sjá um að afla félögum og deildum styrkja að vanda vel til verka, jafnvel breyta um aðferð sem yrði að vera í takt við nútímakröfur.

„Satt best að segja fara styrkumsóknir frá íþróttafélögum margar hverjar ofan í sömu skúffu hjá fyrirtækjum og umsóknir fyrir stuttmynda-hátíð og útgáfu nemendafélags á skólablaði. Félögin þurfa að skera sig úr með einhverjum hætti, fá fyrirtækin til að sjá stuðning sinn sem vettvang í kröftugri markaðssetningu vörumerkis eða finna annan sam-eiginlegan hag af mögulegu samstarfi. Markaðsfólk veit alveg hvað það er að gera og því þarf að tala við það á forsendum þess. Markaðs-stjórar og aðrir sem ráða markaðsfé vilja fá nákvæmar upplýsingar um það hvað fjármunir fyrirtækisins fari í og hvernig markaðsféð nýttist bæði íþróttafélagi og því málefni sem fyrirtækið styrkir. En markaðs-fólk þarf líka að geta rökstutt þá ákvörðun að styrkja eitt félag umfram annað eða nýta stuðning sem markaðstól, fyrir yfirmönnum sínum og stjórn viðkomandi fyrirtækis. Af þeim ástæðum þurfa allar upplýsingar að liggja til grundvallar,“ segir Björn Berg.

Ein af lausnunum, sem hann nefnir, getur falist í því að nýta sérþekkingu meðal stuðningsmanna. Ein dýrmætasta auðlind félaganna séu sjálfboðaliðar sem þyki vænt um félagið sitt og geti boðið fram aðstoð sína við þann hluta markaðsstarfsins sem krafist getur sérfræðipækkingar. Þar sem erfitt getur reynst að ráða fólk í fullt starf þurfi að leita annarra leiða. Auk þess megi samnýta sérfræðipækkingu, t.d. á vettvangi Íslensks toppfótbolta, eða fá sérfræðing að borðinu í ákveðinn tíma.

Björn segir að bæði í samtölum sínum við fulltrúa fyrirtækja og íþróttafélaga í ritgerðavinnunni hafi vírst sem stærri fyrirtæki séu mörg

hver farin að taka styrkveitingar formfastari tókum. Styrkveitingar fari í ákveðið ferli, jafnvel fyrir nefnd, og því erfiðara að fá styrki en áður. Það geti m.a. verið gert til að tryggja að styrkveitingar byggji ekki á klíkuskap, þær samræmist stefnu fyrirtækisins eða markmiðum við markaðssetningu eða samfélagslega ábyrgð.

Hvað er til ráða?

Björn segir íþróttafélög og deildir þeirra verða að taka upp fagmannlegri nálgun á söfnun styrkja. Það gætu þau gert með því að rýna í styrkveitingar fyrirtækja, stefnu þeirra, kanna stöðu þeirra og markhópa. Reynt sé að finna flöt á samstarfi.

„Fyrirtæki þurfa að hafa hag af því að veita íþróttafélögum styrk. Ég hef, svo dæmi sé tekið, fengið skilaboð frá íþróttafélagi þar sem spurt var hvort við hjá vinnustað mínum hefðum áhuga á að styrkja starf íþróttafélags þess sem skilaboðin sendi með kaupum á miðum og lógóum og fleiru í þeim dúr. Þetta virkar ekki lengur. Ég get ekki sent slík skilaboð áfram í fyrirtækið mitt. Öðru máli gegnir ef í skilaboðun-um koma fram ítarlegri upplýsingar, svo sem um það hvernig starfsemin rími við fyrirtækið, hvað iðkendur og félagsmenn séu margir og hugmyndir um með hvaða hætti sé hægt að nálgast markhópin og mæla árangur. Sá sem tekur ákvörðun um styrk þarf einfaldlega að geta rökstutt ákvörðun sína,“ segir Björn.

Samfélagsleg ábyrgð íþróttafélaga

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja er lykilorð nútímans. Mörg stórfyrirtæki hafa tekið frá peninga af markaðsfé sínu til að setja einmitt í samfélagsleg verkefni.

„Sum fyrirtæki skilgreina það mjög þröngt hvað þau styrkja, hvort heldur það er náttúruvernd, lýðheilsa eða fleira í þeim dúr. Enginn þeirra hjá íþróttafélögum, sem ég ræddi við, hafa farið þessa leið, það er að höfða til samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja og finna flöt sem virkilega höfði til þeirra. Þetta er nefnilega vinna og fólk þarf að leggja töluvert á sig til að komast að því hver stefna viðkomandi fyrirtækis sé og hvernig íþróttafélagið geti hjálpað fyrirtækinu til ná markmiðum sínum. Og það krefst þess að vinna þarf með hverjum einstökum mögulegum styrktaraðila,“ segir Björn og rifjar upp að flestir þeirra hjá íþróttafélögum og deildum, sem hann hafi talað við, hafi viðurkennt að fjármunir hafi að mestu skilað sér vegna persónulegra tengsla.

„Mér fannst dapurlegt að heyra þetta því að ég er mjög viss um að það verður sífellt erfiðara að nýta slík tengsl til að fjármagna reksturinn,“ segir hann.



PVC GLUGGAR | ÚTIHURÐIR | RENNIHURÐIR | SVALAHURÐIR | SÓLSTOFUR | SVALALOKARNIR



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
FYRIR ÍSLENSKA VEÐRÁTTU

- Fyrir íslenskt veðurfar
- Fallegir gluggar
- Næturöpnun
- Upplitast aldrei
- Hvaða stærð sem er
- Mismunandi útlit
- Margir litir
- Meira öryggi
- Meiri einangrun
- Betri ending
- Ryðfriar læsingar
- 10 ára ábyrgð á PVC

PGV
FRAMTÍÐARFORM EHF
PLASTGLUGGAVERKSMÍÐJA

SKIPHOLT 35, 105 REYKJAVÍK - SÝNINGARSALUR
ÆGISGATA 2A, 240 GRINDAVÍK - VERKSMÍÐJA
510-9700 | WWW.PGV.IS

deceuninck®

Þrjár tillögur Björns:

1 Sameiginlegir hagsmunir

Íþróttafélög þurfa að finna sameiginlegan flöt væntanlegra stuðningsaðila og félagsanna. Dæmi um þetta er þegar fyrirtæki er að hefja innreið á nýjan markað, erlent fyrirtæki er að koma til Íslands eða opna útibú í nýjum bæ. Mikilvægt er að sýna forsvarsmönnum fyrirtækja hag þeirra í að styrkja íþróttastarf með afdráttarlausum hætti. Þegar það gerist þarf að tryggja vörumerki fyrirtækisins örugga og góða birtingu.

Dæmi um það sem forsvarsmenn félagsins þurfa að gera

- Para saman fyrirtækið og vörur þess við iðkendur. Taka saman upplýsingar um fjölda iðkenda, aldur og annað sem hjálpar markaðsfólki við að mæla árangur og rökstyðja styrkveitingu.
- Skoða hvort iðkendur, foreldrar eða stuðningsmenn séu markhópur fyrirtækisins.
- Kanna hvernig hægt sé að tryggja að vörur fyrirtækisins séu aðgengilegar iðkendum eða félagsmönnum.

2 Áhrifavaldar félagsins

Algengt er að erlendir íþróttamenn geri geysistöra auglýsingasamninga við fyrirtæki. Þetta er fátítt á Íslandi. Björn mælir með því að íþróttafélög finni einn eða fleiri iðkendur sem geti myndað brú á milli fyrirtækjanna og félagsanna, sem áhrifavaldar.



3 Samfélagsleg ábyrgð



Forsvarsmenn íþróttafélaga þurfa að draga fram samfélagslega kosti sína og með hvaða hætti félög þeirra séu jákvæður hluti samfélagsins. Þetta getur krafist talsverðrar vinnu af hendi þeirra. Skoða þarf samfélagsstefnu fyrirtækja og finna sameiginlegan flöt hvað snýr að gildum og samfélagslegri ábyrgð.

Dæmi um nálgun íþróttafélaga:

„Við höfum það að markmiði að fjölga ungum stúlkum í iðkendahópi okkar og í afreksstarfi. Við teljum það ríma vel við stefnu ykkar í jafnréttis- og lýðheilsuárum og teljum samstarf okkar geta gagnast báðum aðilum. Við bjóðumst til að leggja til samstarfsins iðkendur okkar og afrekskonur í markaðsstarfi ykkar, þjálfari okkar, sem hefur mikla þekkingu á jafnréttismálum í íþróttum, mun halda áhugaverða og hvetjandi fyrirlestra fyrir starfsfólk ykkar og viðskiptavinum og vörumerki fyrirtækisins verður með áberandi hætti tengt þessu tiltekna markmiði okkar. Við munum senda ykkur og fjölmiðlum tölfraðilegar upplýsingar um framgang þessa átaks okkar með reglubundnum hætti og tekið verður fram að um samstarfsverkefni okkar sé að ræða.“



VELKOMIN Á GEYSIR GLIMA VEITINGASTAÐUR

  geysirglima • www.geysirglima.is



FERSKT ÚR NÆRSVEITUM

Lögð er áhersla á íslenskt eldhús með fersku hráefni úr nærsveitum fisk, plockfisk, lamb, fiski-, kjöt- og grænmetissúpu, nýsmurðar samlokur daglega, úrval af kökum og dásamlegu kaffi.

STAÐSETNING

Þú finnur okkur í Geysir center beint á móti hverasvæði Geysis.

**OPIÐ ALLA DAGA
VERIÐ VELKOMIN**





Styrkur

á Eskifirði til fyrirmyndar

Sjávarútvegsfyrirtækið **Eskja á Eskifirði** hefur samþykkt að styrkja **Ungmennafélagið Austra** um fimm milljónir króna á ári næstu þrjú árin eða um 15 milljónir króna í heildina. Þetta er frábær stuðningur sem Eskfirðingar ætla að nýta til að stórbæta íþróttalífið í bænum og fjölga iðkendum.

Fyrir tveimur árum kannaði Fjarðabyggð íþróttastundun barna í sveitarfélaginu. Niðurstaðan sýndi afar misjafna iðkun en þó með augljósum hætti að hlutfallslega fá börn stunda íþróttir í skipulögðu starfi á Eskifirði, miðað við börn í öðrum bæjarfélögum innan sveitarfélagsins. Á Norðfirði var þátttaka barna í íþróttum afar góð eða 90% barna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Á móti þessu stundaði svo annað hvert barn íþróttir á Eskifirði.

„Við vorum gáttuð því að við komum svo illa út úr þessari könnun. En það leiddi til þess að við leituðum til þeirra hjá Eskju og spurðum þau hvort að þau væru til í að hjálpa okkur við að fjölga börnum sem stunda íþróttir og styðja betur við íþróttastarfið,“ segir Kristinn Þór Jónasson, formaður Ungmennafélagsins Austra.

Fyrirtækið styrkir starf í heimabyggð

Kristinn segir forsvarsmenn Eskju hafa tekið afar vel í tillögur íþróttafélagsins og hafi í kjölfarið verið lagst yfir hvað þyrfti að gera. Fjárframlag Eskju muni verða nýtt til hins ýtrasta næstu þrjú árin. Eskja hefur styrkt ýmsar deildir Austra í gegnum tíðina. Nú er fjármagnið ekki eyrnamerkt ákveðnu starfi heldur er því ætlað að efla íþróttastarfið í bænum, standa undir ýmsum kostnaði og greiða þjálfara yngri flokka laun til að halda samfellu í íþróttastarfinu, s.s. á sumrin.

„Kannanirnar sýndu, svo að um munaði, hversu lágt hlutfall barna á Eskifirði stundar íþróttir og við þurftum að gera mikið til að bæta úr því. Stór hluti styrksins fer í að auka áhuga barna á hreyfingu auk þess sem við munum bæta íþróttalífið í bænum og auka fjölbreytnina,“ segir Kristinn. „Til að laga það



Kristinn Þór og Erna Þorsteinsdóttir innsigla mikla uppbyggingu í íþróttastarfinu á Eskifirði.



Börn í Grunnskóla Eskifjarðar sækja íþróttávisanir og boli sem Eskja og Austri gefa þeim.

höfum við farið út í það sem tilraunaverkefni að bjóða upp á rútuferðir á samæfingar í fótbolta á Reyðarfirði. Það þéttir líka hópinn í sveitarfélaginu því að þar hitta krakkarnir jafnaldra sína sem þau munu æfa og keppa með síðar," segir hann.

Börnin fá íþróttagjöf

Á meðal þess sem styrkur Eskju skilaði var að í haust fengu öll elstu börnin í leikskóla bæjarins og nemendur í Grunnskóla Eskifjarðar gjafabréf upp á 10.000 krónur auk íþróttabols sem merktur er bæði Austra og Eskju. Upphæðinni í gjafabréfinu er ætlað að ganga upp í æfingagjöld barnanna. Íþróttin, sem stunduð er, þarf hvorki að vera í boði undir merkjum íþróttafélagsins Austra né á Eskifirði heldur er hægt að nota hana í hvað eina sem tengt er íþróttastarfi.

„Eina skilyrðið er að ávisunin verði notuð til íþróttæfinga," segir Kristinn en um 170 börn fengu gjöfina.

Til viðbótar við að fjölga iðkendum í íþróttum á Eskifirði á að bæta alla aðstöðu og finna leiðir til að ná betur til foreldra barnanna, kynna starfið betur fyrir þeim sem eru þegar í íþróttum og ná til foreldra barna sem stunda ekki íþróttir. Á teikniborðinu er körfuboltavöllur við Grunnskóla Eskifjarðar og margt fleira sem ætlað er að styrkja starfið.

Rafíþróttir ná til fleiri iðkenda

Á meðal þess sem unnið er að er stofnun rafíþróttadeildar Austra nú í október.

Fyrirhugað er að æfingar rafíþróttadeildarinnar verði til að byrja með í um 180 fermetra húsi Austra í miðbæ Eskifjarðar. Nokkuð er farið að sjá á húsinu og verður styrkur Eskju m.a.

notaður til að laga það, kaupa skjávarpa og gera þar góða fundaaðstöðu.

Þótt einhverjum kunni að þykja skjóta skökku við að auka íþróttaiðkun með að æfa tölvuleiki bendir Kristinn Þór á að sitthvað sé öðruvísi þegar betur er að gáð.

„Ég hef fylgst með rafíþróttadeildum í kringum okkur, meðal annars á Höfn og í Reykjavík. Ég hélt fyrst að þetta væri óttalegt bull og að börnin væru bara að spila tölvuleiki en það er ekki svo heldur eru þau líka í íþróttæfingum. Markmið okkar er að draga krakkana frá því að sitja ein við tölvuna heima hjá sér og koma þeim á æfingar í skipulögðu starfi þar sem þau eru með öðrum og hreyfa sig. Það er mjög mikilvægt að draga úr hinni félagslegu einangrun. Ég hef heyrt frábærar sögur af börnum sem fóru í svona starf og blómstruðu í kjölfarið. Deildin okkar er á byrjunarstigi og nú er að vinna þetta áfram," segir Kristinn Þór.



Styrkirnir gufuðu upp á Hornafirði

Það getur verið varhugavert þegar bakhjarlar félaga eða deilda eru í einum geira. Fyrirtæki í ferðaþjónustu voru helstu styrktaraðilar körfuboltadeildar Ungmennafélagsins Sindra á Höfn í Hornafirði. Þegar COVID-19 skall hurfu styrkirnir.

„Ég hef aldrei séð svona ástand áður. Aldrei nokkurn tíma. Fyrirtæki í ferðaþjónustu eru uppistaða styrktaraðila hjá okkur. Þar heldur fólk nú auðvitað að sér höndum og því berst okkur ekkert fjármagn frá þeim,“ segir Björgvin Hlíðar Erlendsson, stjórnarmaður í körfuknattleiksdeild Ungmennafélagsins Sindra á Höfn í Hornafirði og fyrrverandi fyrirlíði.

„Deildin hefur orðið harkalega fyrir barðinu á afleiðingum COVID-faraldursins og gríðarlegs samdráttar í ferðaþjónustu. Stjórn deildarinnar tók nýverið saman hver áhrifin hafa verið. Niðurstaðan var að neikvæð áhrif á deildina eru í kringum átta milljónir króna. Þar af eru fimm milljónir sem hafa ekki skilað sér frá styrktaraðilum og þrjár milljónir í ýmsan kostnað vegna samninga sem nýtast ekki.

Ungmennafélagið Sindri á aðild að Ungmennasambandinu Úlfjótí. Þar á bæ glímur deildin við það sama og í fleiri íþróttafélögum. Hver deild þarf að finna sér styrktaraðila. Helstu styrktaraðilar knattspyrndeildarinnar undanfarin ár hafa verið fyrirtæki, til dæmis í sjávarútvegi, auk þess sem sú deild fær góðan stuðning frá KSÍ. En knattspyrnan, líkt og aðrar deildir, hefur verið að tapa á ástandinu, það held ég að sé ljóst.“

Stjórn körfuboltadeildarinnar leitaði til fyrirtækja í ferðaþjónustu og það gekk afar vel þar til í upphafi þessa árs þegar fór að krepptu verulega að í ferðageiranum í kjölfar COVID-faraldursins.

„Allir stuðningsaðilar okkar voru á því að þau vildu halda áfram að styðja við deildina. En þau geta það auðvitað ekki eins og ástandið er. En um leið og birtir til ætla þau að gera það,“ heldur Björgvin áfram. „Enda erum við Hornfirðingar afskaplega heppnir og stoltir af fjölda glæsilegra fyrirtækja tengdum ferðamannabransanum hér í heimabyggð, og þau fyrirtæki taka virkan þátt í samfélaginu hér á Höfn.“

Ungmennafélagið Sindri er að sjálfsögðu meðal þeirra sem nutu stuðnings stjórnvalda auk þess sem körfuboltadeildin fékk hálfa milljón króna beint til sín í formi hinna sértæku aðgerða. En fjárförf körfuboltaliðs, sem komið er í efstu deildir, er talsvert meiri en í neðri deildum. „Stuðningurinn, sem kom í vor frá stjórnvöldum, hjálpaði mikið, en enn þá ríkir mikil óvissa með framhaldið. Ef þetta ástand í samfélaginu heldur áfram tel ég alveg ljóst að að stjórnvöld þurfi að koma með annan og jafnvel stærri aðgerðapakka til að hjálpa íþróttastarfinu í gegnum veturinn.“

Björgvin þekkir þessi mál eftir 20 ára starf í kringum körfuboltann, allt upp úr neðri deildum og upp í þá fyrstu.

„Þótt við búum langt frá öðrum liðum ætlum við ekki að verða útnárbúar, við viljum vera með og að Hornafirður sé sýnilegur á sviði íþróttanna. Þótt við fáum engan pening í kassann frá stuðningsaðilum spilum við leikina okkar. Það er alltaf dýrt fyrir okkur, hvert sem við förum. Við það bætist dómarakostnaður, greiðsla fyrir flug og ef til vill gistingu,“ segir Björgvin og rifjar upp að í fyrra hafi liðið spilað á Ísafirði. Þangað fóru 12 manns. Ekið var til Reykjavíkur á einkabílum og farið þaðan með flugi vestur. Ferðin fram og til baka kostaði 800 þúsund krónur.

Leikmenn og sjálfbóðaliðar körfuboltadeildar Sindra hafa tekið að sér ýmis störf til að bæta fjárhaginn. „Við erum í ýmsu harki. Í sumar slógum við garða fyrir fólk og fyrirtæki, sinntum dyravörslu og hjálpuðum til við flutninga. Við erum alltaf að í því að afla deildinni fjár,“ segir hann.

Hvetur fyrirtæki til að styrkja fleiri



Draumur Björgvins er að stórfyrirtæki, sem eru með rekstur um allt land, styrki íþróttafélög og deildir sem víðast. Það sé hluti af samfélagslegu hlutverki fyrirtækjanna á hverjum stað. Forsvarsmenn fyrirtækjanna eigi sem dæmi ekki að horfa til þess hvort íþróttafélagið eða deildin er á Ísafirði, Sauðárkróki, Reykjavík eða á Höfn.

„Það getur verið mjög svekkjandi að leita eftir styrkveitingum hjá fyrirtæki sem er með rekstur á Höfn, en mæta svo á parketið með sínu liði og sjá mótherjann merktan í bak og fyrir af sama styrktaraðila og hafnaði okkur á Hornafirði. Þótt við keppum á velliðum ættum við ekki að þurfa að keppa um styrktaraðila. Sangirnir við úthlutanir myndi hjálpa okkur helling í harkinu.“

Fáðu næsta pakka á N1




Renndu við þegar þér hentar

Nú geturðu valið að sækja sendinguna þína frá netverslunum ELKO, ASOS o.fl. á valdar þjónustustöðvar N1 – jafnvel allan sólarhringinn. Við tókum netverslunina alla leið svo þú getur strax byrjað að hlakka til næsta pakka!

440 1000 n1.is

Sambandsaðilar Ungmennafélags Íslands



Sambandsaðilar UMFÍ eru tuttugu og sjö talsins og skiptast í tuttugu og eitt íþróttahérað og sex ungmennafélög með beina aðild. Í töflunum hér á næstu síðum eru tölulegar

upplýsingar um heildarfjölda iðkenda samkvæmt félagakerfinu Felix 2020. Tvö félög með beina aðild að UMFÍ, þ.e. Umf. Óðinn, og Umf. Vesturhlíð, eru ekki með neina skráða


iðkendur í Felix 2020. Nokkur félög, sem heyrast undir sambandsaðila UMFÍ, sem hefa ekki skilað inn upplýsingum um iðkendur, eru ekki talin með. Þeirra er getið í neðanmálstexta.

134.054
iðkendur eru innan UMFÍ

272.740
félagsmenn eru innan UMFÍ

450
félög eru innan UMFÍ

Kynjaskipting iðkenda





Héraðssambandið Hrafn-Flóki

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Golfklúbbur Bildudals	43	24	19
Golfklúbbur Patreksfjarðar	48	29	19
Íþróttafélagið Hörður	104	66	38
Umf. Tálknafjarðar	36	16	20
Samtals HHF:	231	135	96

Aðildarfélag HHF sem eru ekki með skráða iðkendur í Felix 2020: Fimleikafélag Vestfjarða, Íþróttafélag Bildadælinga, Körfuknattleiksfélagið Patrekur, Skotíþróttafélag Vestfjarða og Umf. Barðastrandar.



Héraðssamband Bolungarvíkur

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Golfklúbbur Bolungarvíkur	87	65	22
Umf. Bolungarvíkur	194	89	105
Samtals HSB:	281	154	127



Héraðssamband Vestfirðinga

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Golfklúbbur Ísafjarðar	157	113	44
Hestamannafélagið Hending	52	24	28
Hestamannafélagið Stormur	105	53	52
Íþróttafélagið Grettir	35	10	25
Íþróttafélagið Höfrungur	110	51	59
Íþróttafélagið Ívar	18	8	10
Íþróttafélagið Stefir	89	48	41
Íþróttafélagið Vestri	733	400	333
Knattspyrnufélagið Hörður	542	355	187
Skiðafélag Ísfirðinga	146	68	78
Skotíþr.fél. Ísafjarðarbæjar	109	103	6
Tennis- og badmintonf. Ísafj.	19	18	1
Samtals HSV:	2.115	1.251	864

Aðildarfélag HSV sem eru ekki með skráða iðkendur í Felix 2020: Golfklúbburinn Gláma, Íþróttafélagið Kubbi, Siglingafélagið Sæfari og Umf. Geisli.



Íþróttabandalag Akraness

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Badmintonfélag Akraness	115	72	43
Blakfélagið Bresi	33	0	33
Fimleikafélag Akraness	859	321	538
Golfklúbburinn Leynir	695	481	214
Hestamannafélagið Dreyri	258	136	122
Hnefaleikafélag Akraness	121	71	50
Íþróttafélagið Þjótur	20	11	9
Karatefélag Akraness	86	71	15
Keilufélag Akraness	35	24	11
Klifurfélag ÍA	154	74	80
Knattspyrnufélag ÍA	658	473	185
Knattspyrnufélagið Kári	74	74	0
Kraftlyftingafélag Akraness	58	44	14
Körfuknattleiksfélag ÍA	177	161	16
Siglingafélagið Sigurfari	81	74	7
Skotfélag Akraness	149	143	6
Sundfélag Akraness	513	218	295
Umf. Skipaskagi	203	54	149
Vélhjólaiþróttafél. Akraness	122	96	26
Samtals ÍA:	4.411	2.598	1.813



Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Golfklúbbur Staðarsveitar	14	12	2
Golfklúbburinn Jökull	57	50	7
Golfklúbburinn Mostri	99	73	26
Golfklúbburinn Vestarr	159	94	65
Íþróttafélag Miklaholtshrepps	1	1	0
Skotgrund	76	74	2
Hestamannafél. Snæfellingur	285	137	148
Umf. Eldborg	55	40	15
Umf. Grundarfjarðar	295	181	114
Umf. Reynir Hellissandi	120	62	58
Umf. Snæfell	250	137	113
Umf. Staðarsveitar	16	3	13
Umf. Víkingur	235	129	106
Samtals HSH:	1.662	993	669



Héraðssamband Strandamanna

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Golfklúbbur Hólmavíkur	26	19	7
Skiðafélag Strandamanna	89	48	41
Sundfélagið Grettir	11	9	2
Umf. Geislinn	89	39	50
Umf. Hvöt	11	7	4
Umf. Leifur heppni	13	10	3
Umf. Neisti	12	4	8
Samtals HSS:	251	136	115



Héraðssamband Þingeyinga

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Akstursíþr.fél. Mývatnssveitar	41	34	7
Golfklúbbur Húsavíkur	128	96	32
Golfklúbbur Mývatnssveitar	12	12	0
Golfklúbburinn Gíjúfri	12	11	1
Golfklúbburinn Hvammur	31	28	3
Golfklúbburinn Lundur	78	51	27
Hestamannafélagið Feykir	58	35	23
Hestamannafélagið Grani	167	64	103
Hestamannafélagið Snæfaxi	89	46	43
Hestamannafélagið Þjálfí	142	65	77
Íþróttafélagið Magni	109	88	21
Íþróttafélagið Völsungur	685	320	365
Mývetningur	115	61	54
Skotfélag Húsavíkur	65	65	0
Skotfélag Þórshafnar og nág.	25	20	5
Umf. Austri	36	23	13
Umf. Bjarmi	114	56	58
Umf. Efling	161	98	63
Umf. Einingin	10	6	4
Umf. Geisli	54	44	10
Umf. Langnesinga	80	28	52
Umf. Leifur heppni	23	17	6
Samtals HSP:	2.235	1.268	967



Héraðssambandið Skarphéðinn

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Akstursíþr.fél. Hreppakappa	15	15	0
Golfklúbbur Ásatúns	473	393	80
Golfklúbbur Hellu	118	70	48
Golfklúbbur Hveragerðis	288	174	114
Golfklúbbur Kiðjabergrs	420	269	151
Golfklúbbur Selfoss	532	352	180
Golfklúbbur Þorlákshafnar	315	205	110
Golfklúbburinn Dalví	116	71	45
Golfklúbburinn Flúðir	255	154	101
Golfklúbburinn Geysir	50	35	15
Golfklúbburinn Tuddi	39	26	13
Golfklúbburinn Úthlið	162	103	59
Golfklúbburinn Pverá	53	30	23
Golfklúbbur Öndverðarness	602	338	264
Hestamannafélagið Geysir	715	365	350
Hestamannafélagið Háfeti	92	48	44
Hestamannafélagið Ljúfur	138	75	63
Hestamannafélagið Logi	169	101	68
Hestamannafélagið Sleipnir	618	317	301
Hestamannafélagið Smári	324	179	145
Hestamannafélagið Trausti	144	77	67
Íþróttafélagið Dimon	564	264	300
Íþróttafélagið Garpur	233	131	102
Íþróttafélagið Gnýr	93	47	46
Íþróttafélagið Hamar	2.089	1.015	1.074
Íþróttafélagið Milan	47	47	0
Íþróttafélagið Suðri	51	31	20
Karatefélag Suðurlands	8	8	0
Knattspyrnufélag Árborgar	98	98	0
Knattspyrnufélag Rangæinga	274	185	89
Knattspyrnufélagið Ægir	201	141	60
Körfuknattleiksfélag Selfoss	272	218	54
Lyftingafélagið Hengill	52	17	35
Skotíþróttafélag Suðurlands	336	330	6
Skotíþróttafélagið Skyttur	132	128	4
Torfærklúbbur Suðurlands	33	33	0
Umf. Biskupstungna	173	85	88
Umf. Eyfellingur	12	6	6
Umf. Eyrarbakka	46	34	12
Umf. Framtíðin	26	11	15
Umf. Gnúperja	186	153	33
Umf. Hekla	626	320	306
Umf. Hvöt	50	34	16
Umf. Hrunamanna	351	194	157
Umf. Laugdæla	255	135	120
Umf. Selfoss	2.391	1.254	1.137
Umf. Skeiðamanna	13	7	6
Umf. Stokkseyrar	311	196	115
Umf. Þjótandi	119	79	40
Umf. Þór	473	271	202
Samtals HSK:	15.153	8.869	6.284

Aðildarfélag HSK sem eru ekki með skráða iðkendur í Felix 2020: Íþróttafélagið Mímir, Umf. Ásahrepps, Umf. Baldur Hvolsvelli, Umf. Dagsbrún, Umf. Ingólfur, Umf. Merkihvoll, Umf. Trausti og Umf. Þórsörk.



Íþróttabandalag Akureyrar

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Bílaflúbbur Akureyrar	91	88	3
Fimleikafélag Akureyrar	975	304	671
Golfklúbbur Akureyrar	778	564	214
Hestamannafélag Akureyrar	232	162	70
Hestamannafélagið Léttir	495	247	248
Hnefaleikafélag Akureyrar	76	61	15
Íþróttafélagið Akur	179	130	49
Íþróttafélagið Eik	53	27	26
Íþróttafélagið Hamrarnir	141	68	73
Íþróttafélagið Þór	1.050	725	325
Karatefélag Akureyrar	85	59	26
KKA Akstursíþróttafélag	173	162	11
Knattspyrnufélag Akureyrar	2.033	1.230	803
Kraftlyftingafélag Akureyrar	295	210	85
Siglingaklúbburinn Nökkvi	276	205	71
Skautafélag Akureyrar	374	197	177
Skiðafélag Akureyrar	198	111	87
Skotfélag Akureyrar	595	556	39
Sundfélagið Óðinn	263	121	142
Sviffugfélag Akureyrar	24	24	0
Umf. Akureyrar	374	165	209
Umf. Narfi	37	16	21
Samtals HSP:	8.797	5.432	3.365



Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Keflavík	3.055	1.951	1.104



Ungmennafélag Njarðvíkur

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Umf. Njarðvíkur	1.447	943	504



Ungmennafélag Grindavíkur

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Umf. Grindavíkur	1.062	568	494



Ungmennafélagið Pröttur, Vogum

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Umf. Pröttur	284	172	112



Ungmennasamband Dalanna og Norður-Breiðfirðinga

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Glimufélag Dalanna	35	20	15
Hestamannafélagið Glaður	168	83	85
Umf. Afturelding	67	40	27
Umf. Dögun	33	19	14
Umf. Ólafur pái	18	10	8
Umf. Stjarnan	30	15	15
Umf. Æskan	48	25	23
Samtals HSH:	399	212	187



Íþróttabandalag Reykjavíkur

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Aikikai Reykjavík	210	142	68
Bifreiðaiþróttakl. Reykjavíkur	84	74	10
Dansfélag Reykjavíkur	381	136	245
Dansfélagið Bildshöfði	427	138	289
Fisfélag Reykjavíkur	429	382	47
Frisbigolf félag Reykjavíkur	94	78	16
Glimufélag Reykjavíkur	245	215	30
Glimufélagið Ármann	2.299	1.190	1.109
Golfklúbbur Brautarholts	77	62	15
Golfklúbbur Reykjavíkur	3.424	2.273	1.151
Hafna- og mjúkboltafélag Rvk.	290	196	94
Háskóladansinn	210	88	122
Hestamannafélagið Fákur	1.496	664	832
Hjólreiðafélag Reykjavíkur	202	141	61
Hjólreiðafélagið Tindur	290	207	83
Hnefaleikafélag Reykjavíkur	611	451	160
Hnefaleikafélagið Æsir	366	254	112
Íþróttafélag Breiðholts	15	15	0
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík	220	139	81
Íþróttafélag kvenna	43	0	43
Íþróttafélag Reykjavíkur	2.463	1.479	984
Íþróttafélag stúdenta	17	17	0
Íþróttafélagið Carl	18	18	0
Íþróttafélagið Drekkinn	374	195	179
Íþróttafélagið Freyja	71	48	23
Íþróttafélagið Fylkir	2.027	936	1.091
Íþróttafélagið Leiknir	296	223	73
Íþróttafélagið Léttir	68	68	0
Íþróttafélagið Ösp	239	136	103
Jaðar Íþróttafélag	48	45	3
Ju Jitsufélag Reykjavíkur	177	107	70
Júdofélag Reykjavíkur	331	280	51
Karatefélag Reykjavíkur	163	117	46
Karatefélagið Þórshamar	229	157	72
Kayakklúbburinn	491	391	100

Aðildarfélag ÍBR sem eru ekki með skráða iðkendur í Felix: Borðtennisklúbburinn Örninn, Fenrir, Íþróttafélagið Styrmir, Knattspyrnufélagið Kóngarnir, Knattspyrnufélagið Úlfarnir, Fimman hjólafélag, Íþróttafélag heyrnarlauða, Íþróttafélagið Einherjar, Knattspyrnufélagið Hómer, Ungmennafélagið R36, Skyllingafélag Reykjavíkur og Sundknattleiksfélag Reykjavíkur.



Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Blakfélag Fjallabyggðar	191	79	112
Golfkl. Fjallabyggðar	134	88	46
Golfkl. Siglufjarðar	26	15	11
Hestam.fél. Glæsir	106	48	58
Hestam.fél. Gnýfari	25	15	10
Íþróttafélagið Snerpa	32	12	20
Knattsp.f. Fjallabyggðar	244	157	87
Skiðafél. Ólafsfjarðar	67	33	34
Skiðaf. Siglufj. Skiðaborg	63	23	40
Skotfél. Ólafsfjarðar	89	86	3
Tennis- og badm.f. Sigl.	114	61	53
Umf. Glói	126	50	76
Samtals ÚÍF:	1.217	667	550

Aðildarfélag ÚÍF sem eru ekki með skráða iðkendur í Felix 2020: Kraftlyftingafélag Ólafsfjarðar og Vélsleðafélag Ólafsfjarðar.



Ungmennasamband Borgarfjarðar

Aðildarfélag	Iðkendur	Karlar	Konur
Frjálsíþr.fél. Borgarfj.	53	23	30
Golfkl. Borgarness	218	141	77
Golfkl. Glanni	60	36	24
Golfkl. Skrifla	15	11	4
Hestam.f. Borgfirðingur	535	261	274
Mótorsportfél. Borgarfj.	68	64	4
Skotfélag Vesturlands	104	89	15
Umf. Reykdæla	117	67	50
Umf. Skallagrímur	527	328	199
Umf. Stafholtstungna	174	124	50
Umf.- og íþr.f. Hvalfj.sv.	1	1	0
Umf. Íslendingur	50	23	27
Samtals UMSB:	1.922	1.168	754

Aðildarfélag UMSB sem eru ekki með skráða iðkendur í Felix 2020: Dansíþróttafélag Borgarfjarðar, Golfklúbbur Húsafells, Umf. Björn Hitðelakappi, Umf. Dagrenning og Umf. Egill Skallagrímsson.



Ungmennasamband Austurlands

Aðildarfélag	Iðkendum	Karlar	Konur
Akstursíþróttaklúbburinn Start	83	76	7
Boltafélag Norðfjarðar 1996	65	65	0
Golfklúbbur Byggðarholts	120	97	23
Golfklúbbur Fjarðabyggðar	99	74	25
Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs	108	93	15
Golfklúbbur Norðfjarðar	60	43	17
Golfklúbbur Seyðisfjarðar	40	35	5
Golfklúbbur Vopnafjarðar	23	21	2
Hestamannafélagið Blær	103	40	63
Hestamannafélagið Freyfaxi	177	91	86
Hestamannafélagið Geisli	29	11	18
Hestamannafélagið Glófaxi	88	41	47
Íþróttafélagið Huginn	120	89	31
Íþróttafélagið Höttur	919	494	425
Íþróttafélagið Þróttur	342	180	162
Íþróttafélagið Örvar	9	5	4
Lyftingafélag Austurlands	147	52	95
Skíðafélagið í Stafdal	46	24	22
Skotfélag Austurlands	316	304	12
Skotiþróttafélagið Dreki	329	297	32
Umf. Austri	279	154	125
Umf. Hrafnkell Freysgoði	29	15	14
Umf. Leiknir	218	112	106
Umf. Neisti	164	87	77
Umf. Súlan	5	1	4
Umf. Valur	161	75	86
Umf. Einherji	374	181	193
Vélhjólaiþróttakl. í Fjarðab.	54	52	2
Samtals UÍA:	4.507	2.809	1.698

Aðildarfélag UÍA sem eru ekki með skráða iðkendum í Felix 2020: Bretttafélag Fjarðabyggðar, Kajakkklúbburinn KA], Knattspyrnufélagið Spyrnir, Kjörfuknattleiksfélag Fjarðabyggðar, Siglingaklúbbur Austurlands, Umf. Ásinn, Umf. Borgarfjarðar eystri, Umf. Fram Egilsstöðum, Umf. Þristur og Viljinn, íþróttafélag fatlaðra Seyðisfirði.



Ungmennasamband Austur-Húnavetninga

Aðildarfélag	Iðkendum	Karlar	Konur
Golfklúbbur Skagastrandar	24	20	4
Golfklúbburinn Ós	40	32	8
Hestaíþróttafélagið Snarfari	36	26	10
Hestamannafélagið Neisti	219	120	99
Júðófélagið Pardus	115	86	29
Skotfélagið Markviss	66	61	5
Umf. Bólstaðarhlíðarhrepss	56	38	18
Umf. Fram	57	32	25
Umf. Geislar	80	58	22
Umf. Hvöt	195	129	66
Samtals USAH:	888	602	286



Ungmennasamband Eyjafjarðar

Aðildarfélag	Iðkendum	Karlar	Konur
Blakfélagið Rimar	69	24	45
Golfklúbburinn Hamar	127	79	48
Hestamannafélagið Funi	142	68	74
Hestamannafélagið Hringur	179	83	96
Hestamannafélagið Þráinn	66	38	28
Skíðafélag Dalvíkur	139	71	68
Sundfélagið Rán	9	7	2
Umf. Reynir	17	11	6
Umf. Smárinn	8	8	0
Umf. Svarfdæla	381	223	158
Umf. Þorsteinn Svörfuður	30	21	9
Umf. Æskan	61	34	27
Umf. Samherjar	222	162	60
Samtals UMSE:	1.450	829	621



Ungmennasamband Skagafjarðar

Aðildarfélag	Iðkendum	Karlar	Konur
Bílaklúbbur Skagafjarðar	18	15	3
Golfklúbbur Sauðárkróks	230	134	96
Hestamannafél. Skagfirðingur	701	376	325
Íþróttafélagið Gróska	10	6	4
Siglingaklúbburinn Drangey	125	93	32
Smári Varmahlíð	353	204	149
Umf. Hjalti	126	83	43
Umf. Tindastöll	1060	624	436
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	72	46	26
Samtals UMSS:	2.695	1.581	1.114

Aðildarfélag UMSS sem eru ekki með skráða iðkendum í Felix 2020: Umf. Neisti Hofsósi.



Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga

Aðildarfélag	Iðkendum	Karlar	Konur
Hestam.fél. Þytur	280	115	165
Umf. Kormákur	367	213	154
Samtals USVH:	647	328	319

Aðildarfélag USVH sem eru ekki með skráða iðkendum í Felix 2020: Umf. Grettir Miðfirði.



Ungmennasambandið Úlfjótur

Aðildarfélag	Iðkendum	Karlar	Konur
Akstursíþr.fél. A-Skaftaf.sýslu	30	28	2
Golfklúbbur Hornafjarðar	103	69	34
Hestamannafél. Hornfirðingur	170	85	85
Skotfélag A-Skaftaf.sýslu	140	134	6
Umf. Sindri	1.057	582	475
Samtals USÚ:	1.500	898	602

Aðildarfélag USÚ sem eru ekki með skráða iðkendum í Felix 2020: Umf. Máni og Umf. Öreafa.



Ungmennasamband Kjalarnessþings

Aðildarfélag	Iðkendum	Karlar	Konur
Augnablik	151	115	36
Bogfímifélagið Boginn	432	313	119
Dansfélagið Hvönn	530	152	378
Dansíþróttafélag Kópavogs	661	271	390
Golfklúbbur Álftanes	303	199	104
Golfklúbbur Kóp. og Garðab.	2.597	1.745	852
Golfklúbbur Mosfellsbæjar	1.430	1.017	413
Golfklúbburinn Nesklúbburinn	791	493	298
Golfklúbburinn Oddur	1.450	865	585
Handknattleiksfél. Kópavogs	2.883	1.783	1.100
Hestaíþróttafélagið Hörður	640	283	357
Hestamannafélagið Adam	52	27	25
Hestamannafélagið Sóti	149	64	85
Hestamannafélagið Sprettur	1.643	710	933
Hnefaleikafélag Kópavogs	616	501	115
Hvítu riddarinn	133	97	36
Íþróttfél. aldraðra Kópavogi	94	21	73
Íþróttafélagið Gerpla	2.954	1.126	1.828
Íþróttafélagið Glóð	92	20	72
Íþróttafélagið Grötta	1724	794	930
Knattspyrnufélag Garðabæjar	66	66	0
Knattspyrnufélagið Álafoss	37	37	0
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	97	97	0
Knattspyrnufélagið Kría	85	85	0
Knattspyrnufélagið Vatnaliljur	81	81	0
Kraftlyftingafélag Mosfellsb.	67	53	14
Lyftingafél. Garðabæjar	122	61	61
Lyftingafél. Kópavogs	277	130	147
Rugbyfélagið Stormur	15	14	1
Siglingafélagið Ýmir	209	184	25
Skotiþróttafélag Kópavogs	401	365	36
Skylmingafélag Seltjarnarness	51	36	15
Stál-úlfur	141	141	0
Tennisfélag Garðabæjar	189	98	91
Tennisfélag Kópavogs	1081	596	485
Umf. Álftanes	475	276	199
Umf. Stjarnan	5218	2907	2311
Umf. Breiðablik	3877	2567	1310
Umf. Afturelding	2571	1447	1124
Vélhjólaiþróttakl. Mosfellsb.	237	209	28
Samtals UMSK:	34.622	20.046	14.576

Aðildarfélag UMSK sem eru ekki með skráða iðkendum í Felix 2020: Fótballfélagið Skinandi, Hjólreiðafélagið Hjólmennt, Íþróttafélagið Gáski, Knattspyrnufélagið Örninn, Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar, Krikketfélag Kópavogs og Skautafélagið Fálkar.



Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu

Aðildarfélag	Iðkendum	Karlar	Konur
Golfklólfklúbburinn Vík	51	38	13
Hestamannafélagið Kópur	91	46	45
Hestamannafélagið Sindri	141	71	70
Umf. Ármann	149	85	64
Umf. Katla	67	42	25
Umf. Skafti	4	2	2
Samtals USVS:	503	284	219

Ánægjuvogin 2020

Lykiltölur í íþróttaiðkun nemenda í 8., 9. og 10. bekk árið 2020



Ánægjuvogin 2020* er unnin af Rannsóknum og greiningu (R&g) fyrir ÍSÍ og UMFÍ. Niðurstöður Ánægjuvogarinnar 2020 eru mjög jákvæðar fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi.

Í niðurstöðum Ánægjuvogarinnar kemur skýrt fram að þeim nemendum sem eru virkir í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi líður betur og vinna betur í hópi en aðrir. Þar kemur einnig fram að 61% nem-

enda í efstu bekkjum grunnskóla æfi með íþróttafélagi einu sinni í viku eða oftar. Meirihluti nemendanna metur andlega og líkamlega heilsu sína góða, er síður líklegur til að sýna af sér frávikshæðun og neyta vímuefna. Niðurstöður sýna ótvírátt kosti skipulagðs íþrótt- og tómsundastarfs, ákveðnir þætti eru verndandi, ákveðnir þættir draga úr líkum á því að barn leiðist út í einhvers konar frávikshæðun

og ljóst er að skipulagt starf hefur forvarngildi.

Rannsóknir og greining hafa lagt spurningalista fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk frá árinu 1992 í rannsókninni Ungt fólk. Í Ánægjuvoginni felst að spurningum, tengdum íþróttum og íþróttaiðkun, er bætt við spurningalista. Listarnir voru lagðir fyrir nemendur bekkjanna í febrúar á þessu ári og var svarhlutfallið 85%.

Takk fyrir stuðninginn



Vertu með það sem þú þarft

Fátt er eins gagnlegt á ferðalögum og tæki sem leysa mörg ólík verkefni. Gott dæmi er Arion appið, besta íslenska bankaappið fjórða árið í röð skv. könnun MMR. hafðu það með þér hvert sem þú ferð.



Takk fyrir stuðninginn



BLÁSKÓGABYGGÐ



SVALBARÐSSTRANDAR
HREPPUR



SUÐURNESJABÆR
VELKOMIN | SUÐURNESJABÆR



SELTJARNARNESBÆR



SNÆFELLSBÆR
Þar sem jökullinn ber við loft...



ÞORBJÖRN
Hafnargötu 12 · 240 Grindavík



Landsvirkjun



15g
HÁGÆÐA BAUNAPRÓTEIN
hafra eða möndlu
TEYGUR
PRÓTEINDRYKKUR FYRIR
ALLAN ALDUR & AÐSTÆÐUR

The advertisement features a central text block on a light brown background with decorative white dots. On either side, there are images of TEYGUR protein drink cartons in various flavors: 'hafra' (hemp), 'möndlu' (mango), and 'sörkula- & kókó-bragi' (chocolate & coconut). Each carton is labeled '15g' and '250 ml'.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Ungmennafélag Langnesinga blæs til sóknar

Ný stjórn tók við hjá ungmennafélaginu á Þórshöfn í sumarbyrjun. Mikill kraftur er í félaginu og heilmikil uppbygging í gangi.

„Við erum búin að endurnýja mikið hjá okkur, höfum sett upp ærslabelg og frisbígolf með góðri hjálp Langanesbyggðar og fyrirtækja í sveitarfélaginu. En svo er mikið að gera hjá okkur og undirbúningur á fullu fyrir veturinn,“ segir Valgerður Sæmundsdóttir, formaður Ungmennafélags Langnesinga, á Þórshöfn.

Valgerður kom ný inn í stjórn félagsins í lok maí sl. ásamt hópi fólks og hafa þau gert gangskör í að efla starfsemina. Eitt af fyrstu verkum stjórnarinnar var að koma á fundi með sveitarstjórn til að ræða samstarf ungmennafélagsins og Langanesbyggðar ásamt uppbyggingu á íþróttasvæðinu og almennri afþreyingu fyrir íbúa sveitarfélagsins.

„Þetta hefur allt gengið frábærlega hjá okkur,“ segir Valgerður.

Félagið keypti pannavöll og hefur endurnýjað tæki og tól fyrir frjálsar íþróttir. Haldnar verða æfingabúðir í frjálsum í vetur og er stefnt að því að fá þjálfara í frjálsum íþróttum og fótbolta, en einnig að byggja upp blakdeild, sem hefur slegið í gegn og eru nýir iðkendur komnir inn í starfið.



Moli með þjálfurum og hópi krakka sem komu til að æfa hjá honum í sumar.

Moli kemur í heimsókn

Í sumar kom Akureyringurinn og knattspyrnumaðurinn Siguróli Kristjánsson í heimsókn til Þórshafnar. Hann er betur þekktur sem Moli. Hann hefur hefur umsjón með grasrótarkerfni KSÍ sem heitir „Komdu í fótbolta“. Verkefni Mola felst í því að ferðast til minni sveitarfélaga um allt land. Þar setur hann upp skemmtilegar og fjölbreyttar fótboltabúðir á hverjum stað og yfir undir áhuga iðkenda á því að stunda heilbrigðan lífsstíl. Auk þess styður hann við bakið á knattspyrnustarfi á hverjum stað sem hann stoppar á.

Verkefni Mola stóð frá júlí til ágúst. Í sumar fór hann á 85 staði, þræddi meðal annars Vestfirði og fór yfir Austurland. Þetta var annað sumarið í röð sem Moli hafði viðkomu á Þórshöfn.

Valgerður segir Mola hafa slegið í gegn hjá krökkunum á Þórshöfn sumarið 2019. Þau hafi því verið einkar spennit fyrir komu hans sumarið 2020.



Hér er Valgerður með liði 6. flokks í fótbolta á Goðamóti Þórs í sumar. Valgerður var þjálfari liðsins.

Heimsókninni var hagað á þann veg að Moli spjallaði við krakkana á almennan hátt um mikilvægi lýðheilsu en líka gildi svefnis, mataræðis og hreyfingar. Jafnframt brýndi hann fyrir þeim að draga úr tölvu-notkun, fara snemma að sofa og hreyfa sig meira. Að þessu loknu tóku við ýmsir leikar á tveimur pannavöllum sem hann kom með.

„Moli nær ótrúlega vel til krakkanna og þau eru hrifin af honum. Það skiptir svo miklu máli að fólk, eins og Moli, komi með kynningar á minni staði, hitti iðkendur og hvetji þau áfram og leggi áherslu á að það skipti ekki máli að verða bestur heldur taka þátt,“ segir Valgerður.

„Það er dásamlegt fyrir litla staði eins og okkar að fá menn eins og Mola í heimsókn til okkar. Hann spjallar við krakkana, kynnir fyrir þeim íþróttina og ræðir við þau um lýðheilsu og það sem skiptir meginmáli í því að lifa góðu og heilbrigðu lífi,“ segir Valgerður að lokum.

Staðirnir sem Moli heimsótti sumarið 2020

Eyrbakkki	Varmahlíð	Kirkjubæjarklaustur
Stokkseyri	Mývatnssveit	Vík í Mýrdal
Þorlákshöfn	Raufarhöfn	Hólmavík
Borg í Grímsnesi	Þórshöfn	Súðavík
Flúðir	Vopnafjörður	Þingeyri
Ólafsvík	Seyðisfjörður	Flateyri
Grundarfjörður	Stöðvarfjörður	Suðureyri
Stykkishólmur	Breiðdalsvík	Patreksfjörður
Búðardalur	Djúpvogur	Skagaströnd
Hofsós	Höfn í Hornafirði	

Hægt er að sjá meira um verkefnið á síðu þess hér að neðan:
<https://www.ksi.is/fraedsla/komdu-i-fotbolta/komdu-i-fotbolta-med-mola/>

Takk fyrir stuðninginn

101 Reykjavík fasteignasala	Bókhaldstofa Haralдар Bókráð Brunavarnir Árnassýslu Brúskur Hárstofa BYKO	Gluggaiðjan Ölfusi ehf. Gluggatækni ehf. GM múr ehf. Godði ehf. Grímsnes- og Grafningshreppur Grindavíkurbær Grindin ehf. Grísinn ehf. Gröfutatækni ehf.	K16 byggingar og viðhald ehf. Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga KHG þjónusta Kjósarhreppur Klassik ehf. Kone.com Kraftar og Afl ehf. Krappi ehf. Kráin ehf. Kþ verktakar ehf.	Rafey ehf. Rafmiðlun ehf. Raftíðni ehf. Rafverkstæði I.B. ehf. Ráðgjöf og lausnir ehf. Rennilist ehf. Reykholahreppur Reykjavík Sea Adventures ehf. Reykjavík foto ehf. RH gröfur ehf. Rjómabúið Erpsstaðir Röðasteinn ehf. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.	Tálknafjarðarhreppur TBI ehf. / Skalli Teiknistofa Ingimundar Sveinssonar Tern Systems ehf. Terra efnaeýðing ehf. THG arkitektar ThorShip Tjörneshreppur Toppútlit ehf. Tónspil ehf. Trésmiðjan Rein Trésmiðjan Stigandi Trévangur Trivium ráðgjöf Tryggingar og ráðgjöf TSA ehf.
Advel Lögmenn hf. Aðalhreinsir Drífa Aðalvík ehf. Akureyjar ehf. ALM Verðbréf hf. Alma verk ehf. Alþrif ehf. AMP ehf. Armar ehf. Artré ehf. ASK Arkitektar Auðhumla sf. Auglýsingastofan ENNEMM AV Pípulagnir AP þrif ehf.	Dalkofinn Laugum ehf. Dalvíkurbyggð Danica sjávarafurðir ehf. Djúpavogshreppur DMM Lausnir ehf. DS Lausnir Dyknur ehf.	H G og hinir Hafgæði sf. Hagi ehf. Hagsæld ehf. Halal ehf. Hamraborg ehf. Hárhúsið ehf. Heima hjá þér síf. Hekla Henson hf. Héraðsprent ehf. Hlaðbær Colas ehf. Hlér ehf. Hótel Norðfjörður Húsmálarinn ehf. Hvalur hf. Hvammur eignamiðlun ehf. Höfðakaffi ehf.	L-7 ehf. Lamb-inn Eyjafjarðarsveit Landssamband lögreglumanna Lauga ehf. Léttitækni ehf. Litlalón ehf. Loðnurvinnslan hf. Loftleiðir Icelandic Manverk ehf. Málrameistarar ehf. Málingarþjónustan ehf. Menntaskólinn að Laugarvatni Mosfellsbakari Mótor Haus ehf. MSV ehf. Músik og sport ehf.	S. Guðmundsson ehf. S.I.H. pípulagnir Samhentir Umbúðalausnir Samstaða stéttarfélag Samtök starfsmanna fjármálafrýrtækja Sendibílar Reykjavíkur SG hús Siggeir G. Jóhannesson Síma- og tölvulagnir ehf. Sildarvinnslan Sjúkrahúsið á Akureyri Skagabyggð ehf. Skorri ehf. Skólaskrifstofa Austurlands Skólavefurinn Skrifstofuþjónusta Austurlands Skrúðsverk ehf. Smíðandi ehf. Smurstöð Akranes SÓS lagnir SS byggir – Tak innréttingar SS gólf ehf. Steinull ehf. Stjórnendafélag Austurlands Strendingur ehf. Suðulist Súðavíkurhreppur Sveitafélagið Ölfus Sætoppur	Umbúðamiðlun ehf. Uppgjör og skattskil ehf. Útfararstofa Reykjavíkur Útlegumaðurinn Vatnsvirkinn Veitingastaðurinn Húsið Verbúðin 66 Verkalýðsfélagið Hlíf Verkfræðistofa Suðurnesja Verkvagnar Verslun Haralds Júlíussonar Verslunarskóli Íslands Verslunin Álflheimar Vestur restaurant Viðhald og rýsmiði ehf. Villi ehf. Vikurafll ehf. Vökváþjónusta Kópasker Wise lausnir Yoga ehf.
Álfurinn sport bar Ásbjörn Ólafsson ehf. Ásprent Still prentsmiðja ÁTVR	EB ehf. EE sjálfskiftingar ehf. Efrí-Reykir ehf. EG Verktak Einhamar Seafood ehf. Einingaverksmiðjan ehf. Einsi Kaldi Elmax ehf. Endurskoðun Vestfjarða Enor ehf. Esjar ehf. Esju einingar Eyjafjarðarsveit	Iceland Tire ehf. Iðnsveinafélag Skagafjarðar Ingvasýnir ehf. bíla & tækjaflutningar Init ehf. Inmarsat Solutions ehf. Innrammarinn ehf. Ís – Grill – Kúlan (Grill 111) Ísafoldarprentsmiðja Ísfugl Íþróttamiðstöðin Fjallabyggð	Mannverk ehf. Málrameistarar ehf. Málingarþjónustan ehf. Menntaskólinn að Laugarvatni Mosfellsbakari Mótor Haus ehf. MSV ehf. Músik og sport ehf.	S. Guðmundsson ehf. S.I.H. pípulagnir Samhentir Umbúðalausnir Samstaða stéttarfélag Samtök starfsmanna fjármálafrýrtækja Sendibílar Reykjavíkur SG hús Siggeir G. Jóhannesson Síma- og tölvulagnir ehf. Sildarvinnslan Sjúkrahúsið á Akureyri Skagabyggð ehf. Skorri ehf. Skólaskrifstofa Austurlands Skólavefurinn Skrifstofuþjónusta Austurlands Skrúðsverk ehf. Smíðandi ehf. Smurstöð Akranes SÓS lagnir SS byggir – Tak innréttingar SS gólf ehf. Steinull ehf. Stjórnendafélag Austurlands Strendingur ehf. Suðulist Súðavíkurhreppur Sveitafélagið Ölfus Sætoppur	Útfararstofa Reykjavíkur Útlegumaðurinn Vatnsvirkinn Veitingastaðurinn Húsið Verbúðin 66 Verkalýðsfélagið Hlíf Verkfræðistofa Suðurnesja Verkvagnar Verslun Haralds Júlíussonar Verslunarskóli Íslands Verslunin Álflheimar Vestur restaurant Viðhald og rýsmiði ehf. Villi ehf. Vikurafll ehf. Vökváþjónusta Kópasker Wise lausnir Yoga ehf.
B.J. vinnuvélar hf. BA 110 Baldur Jónsson Baugsbót ehf. Benni pípari Bergsteinar ehf. Bífræðastöð ÞPP Bífræðaverkstæði Ægis Bílasmiðurinn ehf. Bílaverkstæði Badda Bílaverkstæðið Bragginn Bílaverkstæðið Smur og dekk Bíliðjan ehf. Bjartur ehf. Björkin ljósmóðir BK kjúklingur Blaðamannafélag Íslands Blikkarinn ehf. Blikkrás ehf. Blikksmiðjan Vík ehf. Blómasetrið BM Vallá Bolungarvíkurkaupsstaður Bombay Bazar ehf. Borgarbyggð Bortækni ehf.	Ég og Jói ehf. Fasteignasala Kópavogs Feldur verkstæði ehf. Félag skipstjórnarmanna Fiskkaup hf. Fiskmarkaður Þórshafnar Fiskvinnslan Drangur Fjarðarþrif ehf. Fliótsdalshérað Framtal sf. Franklin Covey vegferð	Jarðefnaíðnaður Jarðverk ehf. Járnsmiðja Óðins JB Múr og eftirlit ehf. JE Skjanni ehf. Jónar Transport ehf.	Ós ehf. Ósal ehf. Óskimar þrjár ehf. PH gmiði ehf. Pick me up Prófill tannréttingar síf.	Skorri ehf. Skólaskrifstofa Austurlands Skólavefurinn Skrifstofuþjónusta Austurlands Skrúðsverk ehf. Smíðandi ehf. Smurstöð Akranes SÓS lagnir SS byggir – Tak innréttingar SS gólf ehf. Steinull ehf. Stjórnendafélag Austurlands Strendingur ehf. Suðulist Súðavíkurhreppur Sveitafélagið Ölfus Sætoppur	Umbúðamiðlun ehf. Uppgjör og skattskil ehf. Útfararstofa Reykjavíkur Útlegumaðurinn Vatnsvirkinn Veitingastaðurinn Húsið Verbúðin 66 Verkalýðsfélagið Hlíf Verkfræðistofa Suðurnesja Verkvagnar Verslun Haralds Júlíussonar Verslunarskóli Íslands Verslunin Álflheimar Vestur restaurant Viðhald og rýsmiði ehf. Villi ehf. Vikurafll ehf. Vökváþjónusta Kópasker Wise lausnir Yoga ehf.

Takk fyrir stuðninginn



Eirikur J Ingólfsson ehf
Sölbakka 8
310 Borgarnesi



UMFÍ



LANDSMÓT 50+

Borgarnesi 11. - 13. júní 2021

Nánari upplýsingar og skráning á umfi.is



Gæði – alla leið!

Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRUNA



Hjónin í Fagradal eru hluti þeirra 900 bænda sem eiga SS. Þau sinna búskapnum í fullri sátt við náttúruna og eru sjálfbær með rafmagn og flest það sem búskapurinn þarfnast. Þannig tryggja þau að kjötið frá SS skilar sér í gæðum alla leið á diskinn þinn.

Íslenska sveitin og SS - fyrir þig

